



Óháð fréttablað á Vestfjörðum
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur

5. febrúar 2009
5. tbl. · 26. árg.

Háprýstipvottur

Kjarnaborun

Steinsögun

Sími: 456 6600



www.vverk.is

- Veitingar
- Skemmtun
- Lífandi tónlist
- Góð þjónusta

KAFFI EDINBORG
Café · Restaurant · Bar
www.kaffiedinborg.is



Ein aðalgata

gegnum þorpið
og aukagata niðri
með læknum

Undanfarin ár hefur mátt lesa fjölda fréttu í Bæjarins besta og á bb.is og miklu víðar um dr. Peter Weiss, forstöðumann Háskólaseturs Vestfjarða og starfið sem þar er unnið. Lítið mun hins vegar hafa komið fram um manninn sjálfan, uppruna hans og æviferil á persónulegu nótunum. Í blaðinu í dag verður reynt að bæta úr því. Sjá viðtal við Peter í miðopnu.



Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um
80 afgreiðslustaði um land allt.
Hvað getum við flutt fyrir þig?
Hafðu samband og fáðu tilboð.

Eyrarskála 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 www.flytjandi.is

EIMSKIP
Flytjandi

Gert ráð fyrir 200 m.kr. láni til að greiða skammtímaskuldir

Gert er ráð fyrir að bæjarsjóður Ísafjarðarbæjar taki ný langtímalán að upphæð 200 milljónum króna og lækki skammtímaskuldir um 200 milljónir króna verði frumvarp sem lagt hefur verið fram að endanlegri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Í frumvarpinu er birt yfirlit sjóðsstreymis bæjarsjóðs og stofnana hans. Samkvæmt frumvarpinu sést í sjóðsstreymi samstæðu að veltufé frá rekstri er áætlað jákvætt um 257 milljónir króna að teknu tilliti til þess að reiknaðir liðir, afskriftir, breyting á fallinna lífeyrisskuldbindinga, verðbætur og gengismunur, hafa verið dregnir frá. Afborganir langtímalána eru áætlaðar 245 milljónir króna en fjárfestingar eru ekki ákveðnar á þessu stigi. Reikna má með að fjárfestingarliður komi inn við síðari umræðu en ekki verður það há fjárhæð sökum aðstæðna.

Tekjuáætlun er svohljóðandi: Álagningarhlutfall útsvars verði 13,28% en var 13,03%. Með lögum heimilaði Alþingi hækkun útsvars um 0,25%. Um raunlækkun útsvars er að ræða milli ára.

Reiknað hækkun á framlögum Jöfnunarsjóðs frá fjárhagsáætlun 2008 en lækkun frá endanlegu framlagi á árinu 2008.

Reiknað verði með 90 milljónum kr. tekjum vegna aukaframlags Jöfnunarsjóðs.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts er óbreytt en mat á fjölbýli lækkar um 5%, um 10% á sumarbústaði en hækkar um 5% á annað. Lítil breyting verður á fjárhæð fasteignaskatts á milli ára. Fasteignaskattur A-flokkur, íbúðarhúsnæði 0,41% í B-flokki ríkissjóður 1,32% og í C-flokki lögaðilar 1,6% af fasteignamati. Lóðarleiga á íbúðarhúsnæði 1,8%



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

og lóðarleiga á annað húsnæði 3% af fasteignamati.

Vatnsgjald 0,26% og holræsagjald 0,3% af fasteignamati.

Sorphirða og sorphreinsunargjald á íbúðir og lögaðila verði ekki hækkad eins og árin á undan

nema sem svarar verðbótahækkun 8%. Gjaldið á íbúð verður 37.800 kr.

Leikskólagjöld hækki ekki að svo stöddu þrátt fyrir verðlags- hækkunir.

Reglur vegna lækkunar á fast-

eignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega verði óbreyttar enda hafa þær tryggt afslátt hjá þessum hópi. Afslátturinn tryggir að verðbótahækkun á sorphirðu- og sorphreinsunargjaldi hafi ekki áhrif á þennan hóp.

Haukur í horni: ... sé ég tvöfalt?



Sólardansleikur tveggja kóra: Sunnukórsballið hefur frá upphafi verið einn af stóru viðburðunum í menningarlífi Ísafirðinga.




Ísafjörður.

Óvissa um framtíð vatnsverksmiðju

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, sagði óvissu ríkja um framgang vatnsverksmiðju á Ísafirði, vegna efnahagsástandans, í svari sínu til atvinnuálagnefndar sem spurði um framvindu verkefnisins á síðasta fundi nefndarinnar. Ísafjarðarbær undirritaði samning við Brúarfoss ehf., í mars á síðasta ári þar sem sagt var að útflutningur á vatni í gámum hæfist innan 6-8 mánaða.

Í samtali við Bæjarins besta í desember vonuðust forsvarsmenn Brúarfoss til að geta hafið útflutning á vatni á fyrstu þremur mánuðum þessa árs. Það yrði þó ekki gert nema að þeir hefðu tryggt kaupendur. Í samningnum við Ísafjarðarbæ segir að Brúarfoss hafi frest til 15. september 2010 að nýta lóð til byggingar framkvæmda. Hafi Brúarfoss ekki tengt vatnslagnir og hafið fyrirhugaða starfsemi fyrir 30. apríl 2010 fellur samningurinn í heild sinni úr gildi án sérstakrar uppsagnar. — birgir@bb.is



Andri Rúnar Íþróttamaður Bolungarvíkur

Andri Rúnar Bjarnason er íþróttamaður Bolungarvíkur árið 2008. Andri var útnefndur á laugardag við hátíðlega athöfn í Einarshúsi í Bolungarvík. Hann var fastamaður í meistaraflokksliði BÍ/Bolungarvíkur síðastliðið

sumar og spilaði alla leiki liðsins sem fór upp um deild og endaði í öðru sæti 3. deildar. Þá spilaði hann einnig nokkra leiki með 2. flokki. Hann var duglegur í markaskorun með báðum þessum flokkum og var hann mark-

hæsti maður meistaraflokks síðasta sumar með 21 mark. Í lok leiktíðar var hann einnig valinn efnilegasti leikmaður BÍ/Bolungarvíkur. Andri hefur stundað knattspyrnu frá 4 ára aldri og verið duglegur við markaskorun frá

upphafi. Á síðasta ári var hann mjög duglegur við æfingar og lagði sig mikið fram í ástundun og uppskar vel því honum fór mikið fram á síðasta sumri. Andri var tilnefndur til íþróttamanns ársins af meistaraflokksráði

BÍ/Bolungarvík en á fundi allra deilda UMFB var hins vegar ákveðið að Andri yrði tilnefning Ungmennafélags Bolungarvíkur til þessarar nafnbótar og aðrar deildir tilnefndu til viðurkenningar.
– birgir@bb.is

Þétting byggðar hagkvæmasti kosturinn fyrir Ísafjarðarbæ

Byggja má u.þ.b. 330-450 íbúðir í Ísafjarðarbæ með þéttingu byggðar segir í drögum að aðalskipulagi fyrir árin 2008-2020. „Þéttingin er hagkvæmasti kosturinn og veldur einnig minnstu raski á umhverfinu. Það er ekki nægjanlegt byggingarmagn því æskilegt er að hafa tiltækar lóðir á aðalskipulagi þannig að gott byggingaland sé frátekið til lengri tíma lítið. Þannig er sveitarfélagið einnig vel í stakk búið ef íbúafjöldgun verður meiri en gert er ráð fyrir í skipulaginu“, segir í greinargerð með skipulaginu. Þar kemur fram að þétting byggðar er einn að þremur valkostum, en einnig hafa verið skoðaðir möguleikar á íbúðarbyggð á nýjum landfyllingum og á nýju

landi.

„Enn er nokkuð af góðu byggingarlandi og er því hægt að byggja margar íbúðir í fjölbreytlegu umhverfi án þess að ráðast í landfyllingar. Landfyllingar eru gríðarlega dýrar í framkvæmd en auk þess er hagkvæmara að þetta núverandi byggð þar sem innviðirnir eru nú þegar til staðar að“, segir í greinargerðinni. Skoðaðar hafa verið hugsanlegar landfyllingar almennt, án þess að tekið sé tillit til nákvæmrar staðsetningar. Rætt hefur verið m.a. um landfyllingar við Torfnæs, innst í Skutulsfirði og frekari fylling á Suðurtanganum á Ísafirði.

Íbúðarhúsnæði er að einhverju leyti vannýtt í sveitarfélaginu en þó verður að hafa í huga að íbúar



Rætt hefur verið um landfyllingar við Torfnæs, innst í Skutulsfirði og frekari fylling á Suðurtanganum á Ísafirði.

hér kjósa að búa í stærra húsnæði en á höfuðborgarsvæðinu, m.a. vegna lægra íbúðaverðs. Einnig hefur íbúðareigendum með lögheimili utan sveitarfélagsins fjölgað á síðustu árum, þ.e. þeim sem hafa tvöfalda búsetu.

Áætluð landþörf fyrir íbúða-

byggð ræðst m.a. af fólksfjölgun, þörf fyrir endurnýjun húsnæðis og vannýttu íbúðarhúsnæði. Mat á hvers konar húsnæði er þörf fyrir byggir einkum á aldursdreifingu, fjölskyldugerðum, heimilisstærðum, viðhorfum og efnahagsástandi á hverjum tíma.

Fermetrafjöldi á íbúa í Ísafjarðarbæ var 56,4 árið 2006 á meðan landsmeðaltalið var 51,6 fermetrar. Flest íbúðarhús voru byggð á tímabilinu 1970-1979 og þó nokkuð áratuginn þar á undan og áratuginn þar á eftir. Nánast ekkert hefur verið byggt af íbúðarhúsum utan Ísafjarðar frá árinu 1990 og verulega dró úr nýbyggingum á Ísafirði á þessum tíma. Nokkuð svipaður fjöldi hefur verið byggður af einbýli, sérbýli og sambýli á hverju fimm ára tímabili á síðustu 20 árum, ef undan er skilinn mikill fjöldi sambýla á árunum 1987-1991 en á þeim tíma voru m.a. hjónustuíbúðir aldraðra, Hlíf, byggðar upp.

– thelma@bb.is

Feisið

hentar fólki á öllum aldri

Allir Ísfirðingar nema kannski helst þeir yngstu og nýjustu þekkja eða kannast við Geirþrúði Charlesdóttur, sem í daglegu tali hefur alltaf verið kölluð gælunafninu Geigei. Hún var um langan aldur í forystusveit í menningarlífinu á Ísafirði og öðrum félagsstörfum, svo sem á hinum pólitíska vettvangi. Lengi og fram að lokum formlegrar starfsævi var hún gjaldkeri hjá sýslumannsembættinu á Ísafirði.

Geirþrúður er rétt að verða 77 ára en er sannarlega ekki haldin neinni tölvufælni, eins og því miður vill vera hjá mörgum á hennar aldri og jafnvel þótt allmiklu yngri séu. Það er nefnilega svo gaman að ferðast á netinu, og líka svo lítið mál þegar út í laugina er komið. Allt sem þarf er vilji og svoltið sjálfstraust – og svo auðvitað tölva með net-tengingu!

Meðal annars er Geigei á Facebook (Feisinu eða Fésinu, eins og oft er komist að orði) rétt eins og umtalsverður hluti þjóðarinnar, og vinnmörg þar, enda þótt allir séu vinirnir yngri en hún, enn sem komið er. Fyrir hefur komið að fólk á hennar reki hefur verið hálfhneykslað á því að hún skuli stunda þessa iðju eins og krakkar og unglingar. Slíkt er þó á talsverðum misskilningi byggt. Þess ber þó að geta, að Geigei er ekki í tölvuleikjum á borð við Eve Online eða World of Warcraft. En hver veit nema það sé líka rétt handan við hornið!

Geigei finnur ekki fyrir neinu kynslóðabili í því að nota netið og leika sér í tölvunni.

„Þetta er ekkert aldurstengt heldur bæði fyrir unga sem aldna meðan hausinn er í lagi“, segir hún. „Það er enginn eldri en hann vill vera. Ég gæti ekki hugsað mér að vera án tölvu. Ég fer ekki mikið nú orðið og ekki síst þess vegna finnst mér æðislegt að hafa tölvuna og netið.“

– Hvernig kom til að þú ert á Facebook og hvað ertu að gera þar?

„Það var nú bara forvitni mín sem kom mér af stað núna kringum áramótin. Forvitni um það hvað væri á Facebook, ég var ekki alveg klár á því. Ég byrjaði á því að fara þar inn og svo kom til mín stúlka sem sagði að ég þyrfti að eiga þarna vin. Ég bað hana að verða vinur minn og hún gerði það, og þá var bara byrjað. Þarna er ég búin að hitta mikið af gömlum og góðum vinum sem

ég hef hvorki heyrt né séð í mörg ár og það er afskaplega skemmtilegt.“

– Hefurðu alla tíð verið mikil tölvumanneskja?

„Ég segi það nú ekki, en ég vann náttúrulega í tölvum þegar ég var útvinnandi. En úr því að maður er með tölvu á annað borð, þá finnst mér að það eigi að nota hana.“

– Notarðu netið mikið að öðru leyti?

„Ég nota það talsvert og hef gaman af því. Les fréttir og fylgist með og svo margt og margt. Ef mig vantar símanúmer, þá fer ég frekar í tölvuna en að fletta þessari þykku og leiðinlegu símaskrá. Ég er miklu fljótari að því. Þarna er eiginlega hægt að finna allt. Ef mig vantar eitthvað um matinn, svo dæmi sé tekið, þá get ég fundið það á netinu.“

Geirþrúður kveðst hins vegar ekki vera í tölvuleikjum enda höfða þeir líklega fyrst og fremst til yngstu kynslóðanna.

„Sumir hafa nú hlegið að mér að vera inni á Facebook og jafnvel verið að hneykslast á mér fyrir þetta.“

– Er það þá unga fólkið?

„Nei, það er einmitt frekar eldra fólkið. En vinir mínir þarna inni segja *Gott hjá þér* eða *Flott hjá þér*. Og svo sagði nú einn gaur: *Amma töffari*.“

Það hafa allir tekið mér vel og ég er komin með vel á annað hundrað vini. En þarna vantar mín gömlu skólasystkini, en það er bara vegna þess að þetta fólk er yfirleitt ekki svo mikið í tölvum. Flestir af vinum mínum á Feisinu eru á aldrinum frá tíu ára og upp í sextugt. En svo hefi ég heyrt í gömlum vinnufélögum sem ég hef ekki heyrt eða séð í mörg ár, og þá má nú ekki gleyma frændfólkinu. Þetta skerpir kynnin við frændfólkið og gamla vini. Facebook gefur tækifæri til þess og ekki veitir af að auðga vináttu og frændsemi.“

– Hefurðu hitt þarna einhverja á þínum aldri?

„Nei. Ég sá um daginn mynd af einum og þekkti þar nafn jafnaldra míns. Ég var ekki lengi að senda honum kveðju og fagnaði þarna gömlum skólalabroður og frænda. Síðan fékk ég svar frá manni sem sagði að ég hefði örugglega ætlað að tala við pabba hans og nafna. Ég svaraði honum aftur og sagðist hafa furðað mig á því hvað pabbi hans væri unglegur. Það var bara gaman að



þessu.

Mér fannst mjög skemmtilegt að hitta þarna stúlku sem er núna orðin rúmlega fimmtug. Hún rifjaði það upp þegar hún kom til mín á hverjum morgni þegar hún var í sumarvinnu í Íshúsinu í gamla daga. Hún talaði um hvað

það hefði verið gott að koma til mín og fá alltaf brauð og egg og tómata og fleira. Mér fannst þetta eitthvað svo hlýlegt hjá henni og var auðvitað búin að steingleyma þessu sjálf. Það er svo margt sem rifjast upp þegar farið er að tala saman.“

Geirþrúður er með PC-tölvu en segir að sonur hennar vilji að hún fari að skipta og fái sér Makka frá Apple í staðinn. Hver veit nema það verði einn góðan veðurdag.

Það er enginn eldri en hann vill vera.

Heilbrigðara Internet

Þrjár síur Netvarans sjá um að útiloka efni sem þú telur óæskilegt:

- 1 Barnaklám, nýsnaforrit, vefi sem villa á sér heimildir eða stela persónuupplýsingum.
- 2 Klámfengið efni, upplýsingar um eiturylf, áhættuspil, hatursáróður, kynþáttafordómar, smekkleysa, ofbeldi og ólöglegt efni bætist við síu 1.
- 3 Leikir, skrárdeilisíður (P2P) og síður sem aðstoða við tölvuglæpi bætast við síu 2.

Einnig má takmarka aðgang að samskiptaforritum á borð við MSN.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn**

Aðeins
hjá
Símanum
Netvarinn fylgir án
aukagjalds!



Símí



Netið



Sjónvarp

Svona tengir
þú **Netvarann**:
þú setur Netvarann í gang með fáeinum
músarsmellum á siminn.is eða með
einu símtali í 800 7000. Að því loknu
er nettenging heimilisins varin gegn
óæskilegu efni á Internetinu.

Í samstarfi við **S A F T**

Spurningin

Ertu sátt/ur við þróunina í stjórnun landsins?

Alls svöruðu 1.099.
Já sögðu 467 eða 70%
Nei sögðu 112 eða 17%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðið

Horfur á föstudag:
Norðlæg átt, yfirleitt á bilinu 5-13 m/s, hvasst austanlands. Víða bjart veður, en ég á víð og dreif um norðan- og austanvert landið. Frost 2 til 14 stig.

Horfur á laugardag:
Útlit fyrir suðaustanátt eða austanátt með ofankomu og heldur hlýnandi veðri sunnan- og vestanlands, en þurrt að kalla norðaustanlands.

Horfur á sunnudag:
Útlit fyrir suðaustanátt eða austanátt með ofankomu og heldur hlýnandi veðri sunnan- og vestanlands, en þurrt að kalla norðaustanlands.

Útgefandi:
H-prent ehf.,
kt. 600690-1169,
Sólgótu 9, 400 Ísafjörður,
sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:
Thelma Hjaltadóttir,
símar 456 4693 og 849
8699, thelma@bb.is
Birgir Olgeirsson, símar
456 4560 og 867 7802,
birgir@bb.is

Ritstjóri netútgáfu bb.is:
Sigurjón J. Sigurðsson

Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson, sími
894 6125, halldor@bb.is.

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
og Halldór Sveinbjörnsson
Lausasólverð er kr. 400
eintakið með vsk. Veittur er
afsláttur til elli- og örorku-
lífeyrisþega. Einnig sé greitt
með greiðslukorti.

Önnur útgáfa:
Ferðablaðið
Á ferð um Vestfirði.
ISSN 1670 - 021X

Kærir Ísafjarðarbæ vegna álagningar fasteignaskatts

Kristján Ólafsson á Ísafirði hefur kært ákvörðun Ísafjarðarbæjar um að breyta álagningu fasteignaskatts á fasteign hans að Kirkjubóli 4 í Engidal. Tildrög málsins eru þau að allt frá því að Kristján flutti sauðfjárbúskap sinn frá Neðri-Tungu að Kirkjubóli 4 árið 1999 og fram til ársins 2007 var fasteignaskattur afeigninni reiknaður með sama hætti og útihús eða önnur mannvirki á bújörðum sem tengjast landbún-

aði. Á árinu 2007 ákváðu bæjaryfirvöld að breyta álagningunni og flokkuðu fasteignina í annan flokk, þ.e. undir flokkinn aðrar fasteignir, s.s. iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Þess er krafist að skattlagningunni verði breytt á þann veg að álagður fasteignaskattur verði reiknaður með sama hætti og útihús.

Lögmaður Kristjáns, Björn Jóhannesson, hrl., óskaði í maí s.l. eftir endurskoðun á ákvörðun

bæjaryfirvalda auk þess sem óskaði var eftir rökstuðningi fyrir breytingunni. Taldi Björn ljóst að breytingin ætti sér ekki laga- stöð, m.a. þar sem fasteignin væri eingöngu nýtt sem fjárhús og ekki væri um fristundabúskap að ræða og óeðlilegt væri að álagning fasteignagjalda á viðkomandi eign væri með öðrum hætti en sambærileg útihús í sveitum. Bæjarráð ákvað á fundi sínum 2. júní s.l. að leita álits bæjarlög-

manns á erindi Björns.

Á fundi bæjarráðs 3. desember s.l. var lagt fram álit bæjarlögmanns, Andra Árnasonar, hrl., þar sem m.a. kom fram að þar sem ekki væri um fristundabúskap að ræða á Kirkjubóli 4, yrði að telja að skattlagning ætti að vera með sama hætti og útihús í sveitum. Bæjarráð ákvað hins vegar að fara ekki eftir áliti bæjarlögmanns.

– birgir@bb.is



Sveitarfélög ekki neydd í sameiningu

Mælt er með sameiningu Bolungarvíkur og Ísafjarðarbæjar í bréfi Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga til samgönguráðherra. Jóhannes Finnur Halldórsson, starfsmaður EMFS, segir tillöguna eingöngu vera

ábendingu sem tengist hugmyndum samgönguráðherra að lágmarksstærð sveitarfélaga verði þúsund íbúar.

„Það er einungis verið að koma því á framfæri. Þetta er miklu meira í höndum sveitarfélaganna

sjálfra og eru engin lög sem geta skipað þeim að sameinast. Þetta er aðeins ein af ábendingunum sem nefndin telur vænlega og hún er sammála stefnu ráðherra um lágmarksfjölda íbúa,“ segir Jóhannes Finnur. Aðspurður

hvort sameiningarmál hafa verið rædd við sveitarstjórnarmenn í Bolungarvík og Ísafjarðarbæ segir hann hugmynd nefndarinnar algjörlega vera á frumstigi og þeir sem hafa séð tillögur nefndarinnar sé kunnugt um vilja hennar.

Ritstjórnargrein

Heimborgarbragur

„Enginn vafi leikur á því að „hin nýja Eyri við Skutulsfjörð“ getur tekið við umtalsverðri fólksfjölgun og nýjum fyrirtækjum, sem auðvitað eru forsenda fólksfjölgunar,“ var fullyrðing blaðsins í september 2005, þegar unnið var að gerð nýs deiliskipulags hafnar-arsvæðisins. Nú, nær hálfu fjórða ári síðar, segir í drögum að aðal- skipulagi Ísafjarðarbæjar fyrir árin 2008 – 2020, að hagkvæmasti kosturinn hvað varðar auknið íbúðarhúsnæði sé þétting byggðar. Aðrar færar leiðir eru taldar kostnaðarsamari.

Ekki þarf annað en líta á loftmyndir af aðal bæjarstæði Ísafjarðarbæjar, annars vegar frá deginum í dag og hins vegar frá fyrri hluta síðustu aldar, til að sjá þá gífurlegu landvinninga, sem orðið hafa. Vissulega er nú þegar búið að nýta talsverðan hluta ávinnings- ins en eigi að síður eru óteljandi möguleikar enn fyrir hendi.

Saga byggðar á Eyri við Skutulsfjörð er löng og full frásagna um framsýni og áræði íbúanna til sóknar fyrir fjölbreyttara og betra mannlífi, hvort heldur var á sviði menningar og lista eða því sem í daglegu tali var kallað brauðstrit. Héðan komu brautryðjendur sem létu til sín taka í þjóðlífinu á mörgum sviðum; menn sem mörkuðu óafmáanleg spor á ferli sínum, íslensku þjóðinni til heilla.

Þótt Ísafjarðarbær hafi ekki farið varhluta af þeim samþjöppunar-

átrúnaði, sem náð hefur að heltaka samfélagið, að ekki nokkur skapaður hlutur geti þrífist nema í margmenninu í túnfæti Ingólfs, frekar en flestir aðrir smærri byggðakjarnar á svokallaðri landsbyggð, þá verður ekki frá okkur tekin sú ímynd sem forverarnir skildu eftir hér og opinberast meðal annars í gömlum og glæsilegum húsum og bæjarbrag sem fær útlendinga til að nota orðið „heimborgarblær“ þegar þeir tjá sig um það sem fyrir augu ber í þessum litla, fallega bæ á hjara veraldar. Að slíkum ummælum verður að leggja eyru.

Við eigum að leggja metnað okkar í að nýta eyrina til fulls og gera það með þeim hætti að vel fari saman nýtt og gamalt. Yfirbragðið nýrra húsa verður að falla sem frekast er kostur að götu- myndinni, sem fyrir er. Það breytir engu um sjálfar vistarverurnar, sem geta í öllu uppfyllt nútíma þarfir og þægindi.

Það skal vel vanda sem lengi á að standa. Þetta á svo sannarlega við um skipulag bæja. Mistök í skipulagi eru dýrkeypt. Í fæstum tilfellum verða þau aftur tekin. Þess vegna ber að fara með gát þegar kemur að þéttingu byggðar á hinni fornu Eyri við Skutulsfjörð. En aðgát er annað en aðgerðarleysi. Vonandi á „gamli bærinni“ eftir að breiða úr sér um alla eyrina og kannski verður þá á ný „kaupmaður á hverju horni“? s.h.



Uppselt á sólarkaffi Ísfirðingafélagsins

Hátt í 500 manns skemmtu sér á sólarkaffi Ísfirðingafélagsins í Reykjavík sem haldið var í 64. sinn á Hótel Hiltón Reykjavík Nordica á föstudagskvöld. Miðarnir seldust upp á lokamínútunum og þótti kvöldið lukkast vel í alla staði. Að sögn Greips Gíslasonar, eins skipuleggjenda Sólarkaffisins, var mjög gaman á sólarkaffinu og sérstaklega voru

þönnukökurnar góðar en kokkar Nordica hótelsins bökuðu þær á staðnum. Þá féll ræða ræðumanns kvöldsins, Peter Weiss forstöðumanns Háskólaasetursins, vel í kramið. Halldór S. og Vonargeislarnir voru með ýmis konar tónlistarflutning og happdrættið sívinsæla var á sínum stað í boði Flugfélags Íslands og Vesturferða. Veislustjóri var gleðipinninn

Halldór Jónsson. Að dagskrá tæmdri var dansað fram á rauða nótt en Ísfirðingurinn Bjarni Arason og Raggi Bjarna héldu uppi fjörinu í broddi Milljónamæringafylkingarinnar. „Það var mikið stuð og dansgólfið var fullt allan tímann“, segir Greipur. Meðfylgjandi myndir frá sólarkaffinu tók Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir. – thelma@bb.is





Mótmælt á Norðursjónum

Mótmæli Íslendinga ná víða og nú síðast spurðist til önfirsks mótmælenda í Norðursjónum. Kristinn Andri Þrastarson, vélfræðingur, hóf mótmæli út á sjó eftir að mótmælin á Íslandi voru töluvert í fréttum í Noregi.

„TV2 hefur sýnt frá mótmælunum í fréttatíma og hafa skipsfélagar mínir fylgst spenntir með. Þeir voru farnir að hafa áhyggjur að mér liði illa yfir að vera staddur með þeim en ekki í miðjum hasarnum á Íslandi. Til að bæta úr þessu var ákveðið að efna til mótmæla-fundar. Fluttar voru ræður sem góður rómur var gerður að,“ segir Kristinn Andri. Ræðurnar voru þrjár og allar fluttar af honum en hann titlaði sig mismunandi eftir ræðunum, ýmist sem vélfræðingur, Íslending sem nú greiðir skatt í Noregi og fasteignajöfur úr Hafnarfirði.

Mótmælin voru undir eftirliti vakthafandi stýrimanns en hafði ekkert við þau að athuga að sögn Kristins Andra. „Enda er hann Færeyingur og eins og allir vita eru þeir einu vinir Íslendinga,“ segir Kristinn.



Græniskóli Bolungarvíkar

Stundatafla 2003 - 2004

4. Bekkur

Stund	Umbúnaður	Stund	Umbúnaður	Stund	Umbúnaður	Stund	Umbúnaður
08:00	08	08:15	09	08:30	10	08:45	11
08:45	12	09:00	13	09:15	14	09:30	15
09:15	16	09:30	17	09:45	18	10:00	19
09:45	20	10:00	21	10:15	22	10:30	23
10:15	24	10:30	25	10:45	26	11:00	27
10:45	28	11:00	29	11:15	30	11:30	31
11:15	32	11:30	33	11:45	34	12:00	35
11:45	36	12:00	37	12:15	38	12:30	39
12:30	40	12:45	41	13:00	42	13:15	43
13:15	44	13:30	45	13:45	46	14:00	47
14:00	48	14:15	49	14:30	50	14:45	51
14:45	52	15:00	53	15:15	54	15:30	55
15:30	56	15:45	57	16:00	58	16:15	59
16:15	60	16:30	61	16:45	62	17:00	63
17:00	64	17:15	65	17:30	66	17:45	67
17:45	68	18:00	69	18:15	70	18:30	71
18:30	72	18:45	73	19:00	74	19:15	75
19:15	76	19:30	77	19:45	78	20:00	79
20:00	80	20:15	81	20:30	82	20:45	83
20:45	84	21:00	85	21:15	86	21:30	87
21:30	88	21:45	89	22:00	90	22:15	91
22:15	92	22:30	93	22:45	94	23:00	95
23:00	96	23:15	97	23:30	98	23:45	99
23:45	100						



Inn að beini Ylfa Mist Helgadóttir, húsmóðir og sjúkraliðanemi

Ylfa Mist Helgadóttir er húsmóðir, sjúkraliðanemi og starfsmaður á Skýlinu í Bolungarvík. Þar með er ekki allt upptalið því hún hefur einnig látið að sér kveða á tónlistarsviðinu og er þar skemmst að minnast þegar hún tekur lagið á nýrri plötu afa síns Í tímans rás með Villa Valla og getið af sér gott orð fyrir sultugerð.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?

Að eignast börn.

Hvar langar þig helst að búa?

Í Bolungarvík.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Hamingjan er núna.

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Úff...séu þau einhver hef ég gleymt þeim.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Hvað tíminn er dýrmætur.

Uppáhaldslagið?

Here comes your man með Pixies fær mig til að dansa!

Uppáhaldskvikmyndin?

Ef ég segi Titanic þá missi ég alla virðingu...

Æi, skítt með það. Titanic.

Uppáhaldsbókin?

Vesturfaramir eftir Böðvar Guðmunds.

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Leiklistarhátíð í Rússlandi við afar frumstæð skilyrði!

Uppáhaldsborgin?

Karlovy Vary í Tékklandi. Á eftir að skoða hana betur.

Besta gjöfin?

Fjölskyldan mín.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Mér eiginlega gæti ekki verið meira sama!

Hvaða hlut geturðu alls ekki verið án?

Ég gæti verið án allra hluta held ég.

En ég er háð samneyti við fólk og gæti ekki án þess verið.

Fyrsta starfið?

Slorið, sumarið fyrir ferminu.

Draumastarfið?

Umönnun á ofurlaunum.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Þegar ég var yngri var það Björk, síðan

Audrey Hepburn. Núna segir enginn neitt!

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Svarfaðardalur og Kaldalón.

Sköndnasta upplifun þín?

Ha ha ha ha ha! Frá því segi ég ekki hér.

Aðaláhugamálið?

Öll þau sömu og hjá fegurðardrottningunum,

lestur góðrar bókar, ferðalög... og allt það.

Besta vefsíðan að þínu mati?

Ég hef sko ekki skoðun á því frekar en lífi á öðrum hnöttum!

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Húsmóðir.

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Kímnigáfan

En helsti löstur?

Letin.

Besta farartækið?

Fæturnir. Hljómar það ekki ægilega vel?

Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?

1.maí.

Til hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Ömmu á Ísafirði. Guðnýjar Magnúsdóttur.

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Eitthvað rammíslenskt og kjarngott. Hallgerður eða Þórhildur.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Nývöknud.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Ég er hrútur. Með klaufir, horn og...dindil! Lífsmottóið þitt? Hef aldrei skilið þessa spurningu? Á líklegast ekkert.

Hagræðing hjá Húsasmiðjunni

Opnunartími verslunar Húsasmiðjunnar hf., á Ísafirði var stytur um klukkustund 1. febrúar sl. Er verslunin opin frá kl. 09 á morgnana í stað 08. Haraldur Júlíusson, rekstrarstjóri verslunarinnar segir að yfirvinnusamningum hafi verið sagt upp og ekki hafi verið ráðið í þær tvær stöður sem losnuðu á síðasta ári.

„Ég á ekki von á frekari hagræðingum og ekkert sem liggur í loftinu með það,“ segir Haraldur. Hann segir að viðskiptin hafi dregist saman miðað við sama tíma og í fyrra. „Það er ekki bjart framundan en allar áætlanir sem við höfum gert hafa staðist. Við erum ekki í slæmum málum hvað það varðar,“ segir Haraldur. Hann segir rekstur Húsasmiðjunnar í Reykjavík ekki hafa áhrif á rekstur verslunarinnar á Ísafirði.

Nýsköpunarkeppni

vaxvest & atvest

Vaxtarsamningur Vestfjarða (Vaxvest) og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða (Atvest) efna til Nýsköpunarkeppni. Keppnin miðar að því að styðja við frambærilegar nýsköpunarhugmyndir og styðja frumkvöðla til framkvæmda með fjárframlagi og faglegri ráðgjöf.

Starfsemi hugmynda/fyrirtækis þarf að miða að uppbyggingu atvinnulífs á Vestfjörðum. Þetta á ekki að takmarka starfsemi hugmynda/fyrirtækis og er hvatt til að útfæra allar alþjóðlegar tengingar vel s.s. möguleikar á erlendum undirverktökum, framleiðendum, milliliðum osfrv.

Skilafrestur viðskiptaáætlana er 15. apríl 2009

Líkön og beinagrindur fyrir viðskiptaáætlanir er að finna á heimasíðu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, www.atvest.is. Áætlað er að kynna sigurvegarana þann 1. júní 2009.

Þeir sem hafa hug á að taka þátt, geta kynnt sér málið á heimasíðu Atvest og sett sig í samband við þá verkefnisstjóra sem þar eru tilgreindir.

Skil

Endanlegum viðskiptaáætlunum skal skila inn rafrænt á shiran@atvest.is og senda með bréfpósti á

Vaxtarsamningur Vestfjarða
B.t. Shiran Þórisson
Árnagata 2-4
400 Ísafjörður

Pixel ehf / GBG

Verðlaun

Fyrsta sæti. Verðlaunafé: 3.000.000 kr. og ráðgjöf upp að 50 tímum frá Atvest/Vaxvest.

Annað sæti. Verðlaunafé: 1.500.000 kr. og ráðgjöf upp að 50 tímum frá Atvest/Vaxvest.

Þriðja sæti. Verðlaunafé: 750.000 kr. og ráðgjöf upp að 50 tímum frá Atvest/Vaxvest.



Gott vegarnesti fyrir framtíðina

Ágúst Angantýsson frá Þingeyri sækir Auburn University Montgomery í Alabama í Bandaríkjunum þar sem hann nemur hagfræði. Þar er hann á svokölluðum háskólastyrk og spilar með körfuboltaliði skólans; AUM Senators. Hann útskrifast í vor og er þá stefnan tekin á Háskóla Íslands enda segist hann vera kominn með mikla heimþrá eftir þrjú ár í Vesturheimi.

– Hvernig kom það til að strákur frá Þingeyri fékk háskólastyrk í Montgomery, Alabama?

„Það er nú aðallega í gegnum góða vini sem ég komst hingað. Skólinn sem ég er í er þekktur fyrir íslenska fótboltastráka. Þeir hafa verið að koma hérna í 20 ár og þegar ég fór að hafa áhuga á háskólanámi þá voru nokkrir vinir mínir staddir hérna og töluðu mínu máli fyrir körfuboltaþjálfaranum og honum bráðvantaði mann í mína stöðu og sló til. Ég hoppaði svo bara uppí flugvél beint til Alabama.“

– Hvernig líkar þér þarna í Alabama?

„Eftir að hafa verið hérna í næstum þrjú ár þá verð ég að viðurkenna það að ég er komið með dálítinn leiða. Það gerist ekki mikið hérna og eiginlega má segja að flest gengur alltof hægt fyrir sig. En þrátt fyrir það eru þessi þrjú ár búin að vera mér góð lífsreynsla og veganesti fyrir framtíðina. Það skemmir svo ekkert fyrir að hérna er hægt að fara í sólbað á sundlaugarbakkanum átta mánuði ársins.“

Meiri agi í bandaríska körfuboltanum

– Hvað hefurðu spilað körfubolta lengi?

„Ég hef verið í körfubolta frá því að ég var 13 ára. Þá var það Pétur Már Sigurðsson, sem spilaði þá með KFÍ, sem tók rútuna frá Ísafirði til Þingeyrar tvisvar í viku til að kenna okkur ofvirku sveitastrákunum smá skipulagðan körfubolta. Eftir það þá hef ég verið í Breiðablik, KR, Randers í Danmörku og svo nú síðustu þrjú ár í AUM.“

– Er einhver munur á bandaríska körfuboltanum og þeim íslenska?

„Já, það er nokkur munur á körfuboltanum hér og heima. Til

að mynda þá er 35 sekúndna skotklukka sem hægir rosalega á leiknum hérna. Þessi langa skotklukka gerir það að verkum að hér er miklu meiri agi bæði í sókn og vörn. Þjálfarar setta sig ekkert við það að menn séu að taka skot á tilfinningunni heldur á að nýta tímann til að fá auðveldar körfur. Heima er leikurinn mun hraðari og menn taka mikið af skarið sjálfir. Samt er þetta nú alltaf bara körfubolti og það þarf ekkert að vera að flækja það neitt.“

– Hefurðu í hyggju að setjast að í Bandaríkjunum eftir útskrift eða ætlarðu að koma heim?

Eins og ég segi þá er ég búinn að vera hér í suðrinu í þrjú ár og það má segja að ég sé kominn með dágóða heimþrá. Ég er að útskrifast í vor og eins og staðan er núna þá er ég á heimleið. Ég hef sett stefnuna á framhaldsnám í Háskóla Íslands og fylgi þeirri stefnu fast eftir. Þar að auki er ég farinn að sakna Íslands mjög mikið, og hef fengið svona á tilfinninguna að það er margt sem amar að í Bandaríkjunum og hef enga löngun til að setjast þar að. Þrátt fyrir þetta þá er ég mjög þakklátur fyrir að hafa fengið þetta tækifæri að koma til Bandaríkjanna og öðlast menntun og spila körfubolta í leiðinni.“

Allt annar bakgrunnur

– Hvernig skóli er þetta?

„Auburn University Montgomery er eins konar undirskóli Auburn University sem er einn af stærstu skólunum hérna í Suðurríkjum Bandaríkjanna. Hérna eru um 5000 nemendur. Skólinn var stofnaður í kringum 1960 og var þá nokkurskonar aðeins hvítur skóli. En margt hefur breyst síðan þá og hérna er fólk af öllum uppruna. Ég bý ekki á heimavist enda hefur það ekki tíðkast hjá Íslendingunum hér. Ég leigi íbúð með tveimur öðrum Íslendingum rétt utan við kampusinn.“

– eru sammendur þínir ólíkir Íslendingum eða eiga þessar þjóðir margt sameiginlegt?

Það er náttúrulega mismunandi. Fólk er misjafnt, en samt sem áður þá er það alveg greinilegt að ég kem frá allt öðrum bakgrunni en flestir sammendur



Ágúst Angantýsson frá Þingeyri í bandaríska háskólalöbótanum.

minna. Það er mikill klofningur á milli kynþátta hérna ennþá og samskipti milli manna bera það með sér. Almenn séð þá hafa fæstir hérna haft tækifæri á að kynna sér aðra heimshluta, eða bara aðra staði í Bandaríkjunum, og er nokkuð þröngsýnt. En ég hef átt frekar auðvelt með að blandast inn hérna og hef eignast góða og trausta vini sem ég mun halda sambandi við í framtíðinni.“

– Ætlaðu að halda áfram í

körfuboltanum að námi loknu eða tekur þá hagfræðin alfarið við?

„Eins og ég sagði hér að ofan þá hefur stefnan verið sett á framhaldsnám í Háskólanum heima, samt ekki hagfræði því það er ekki alveg mitt áhugasvið. Ég ætla að reyna að spila í úrvalsdeldinni heima á næsta tímabili. Það er samt alveg á hreinu að ef körfuboltinn fer að þvælast fyrir náminu þá gengur skólinn fyrir. Ég reikna ekki með því að körfu-

boltinn muni borga reikningana fyrir mig í framtíðinni og menntun er bara orðin svo mikilvæg að hún verður að eiga allan forgang.“

– Eitthvað að lokum?

„Já mig langar endilega að nota tækifærið til að kasta kveðju á ættingja og vini heima fyrir vestan. Þá sérstaklega ömmu og afa og hana frænku mína Birnu Filippíu sem var svo falleg að senda mér svo fint bréf síðastliðið vor!“

– *thelma@bb.is*



Leggja til niðurfellingu skulda í Bolungarvík og sameiningu

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hefur farið fram á það að Sparisjóður Bolungarvíkur endurskoði vaxtakjör afturvirkta á viðskiptareikningi Bolungarvíkur og/eða felli niður lán allt að 15 milljónum króna. Einnig hefur nefndin lagt til við íbúðalánasjóð að hann aflétti skuldum vegna félagslegra íbúða hjá Bolungarvík að fjárhæð 146 m.kr. Eftirlitsnefndin hefur einnig lagt til við samgönguráðherra að sveitarfélaginu verði veittur styrkur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, allt að 67 m.kr., sem nýttur verði

til að greiða niður eftirstöðvar skulda sem sveitarsjóður hefur tekið að láni hjá Sparisjóði Bolungarvíkur og Landsbanka Íslands vegna félagslegra húsnæðiskerfisins. Hluta framlagsins verði varið til að standa stráum af kostnaði vegna sérfræðivinnu við fjárhagslega ráðgjöf til Bolungarvíkur.

Nefndin fer einnig fram á að umhverfisráðuneytið endurgreiði Bolungarvík 24 m.kr. sem sveitarfélagið hefur lagt til Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík umfram það sem samningur við ráðuneytið segir til um. Þetta kemur fram

í bréfi nefndarinnar til samgönguráðherra. Jafnframt leggur nefndin til að undirbúningur verði hafinn á sameiningu Bolungarvíkur og Ísafjarðarbæjar.

„Tillögur Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EMFS) um 250 mkr. skuldalækkun og 140 mkr. lánveitingu, falla vel að markmiðum samnings bæjarstjórnar við EMFS, sem undirritaður var þann 7. október 2008, um niðurgreiðslu skulda og endurskipulagningu í fjármálum og eignastýringu sveitarfélagsins,“ segir í bókun meirihluta bæjar-

ráðs Bolungarvíkur um bréf EMFS til samgönguráðherra. Segir meirihlutinn tillögurnar ásamt fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar 2009 falla vel að markmiðum meirihluta bæjarstjórnar Bolungarvíkur um ábyrga fjármálastjórn, aðhald í rekstri og endurfjármögnun óhagstæðra lána sveitarfélagsins.

Soffía Vagnsdóttir, oddviti Klistans, lét bóka á síðasta fundi að allar þær tillögur sem Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga leggur til vegna bágrar fjárhagsstöðu Bolungarvíkur snúi að

þáttum sem bæjarstjórn hefur barist fyrir í mörg ár. „Það má leiða að því getum að staða bæjararsjóðs hefði verið all nokkru betri ef bæjarstjórn Bolungarvíkur hefði fengið áheyrn fyrr, t.d. um leiðréttingu vegna félagslegra íbúðakerfisins og Náttúrustofu. Þá sætir það nokkurri undrun ef Sparisjóður Bolungarvíkur getur skyndilega orðið við óskum eftirlitsnefndar um betri kjör til handa bæjarfélaginu, en gat ekki boðið bæjarstjórn betri kjör en raun bar vitni. En betra er seint en aldrei,“ segir í bókun Soffíu.

Stefnt eflingu miðbæja í öllum byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar

Eitt af markmiðum nýs aðalskipulags Ísafjarðarbæjar er efling miðbæja eða miðsvæða allra byggðakjarna sveitarfélagsins. „Á miðsvæði aðalskipulagsins er starfsemi tengd verslun, þjónustu og stjórnsýslu. Innan svæðisins er að finna verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir, hreinlegan iðnað og íbúdir. Alla þessa starfsemi má finna á miðsvæði þéttbýlisins á Ísafirði en starfsemi á miðsvæði annarra byggðakjarna er, sökum smæðar, ekki eins fjölbreytt. Miðbær Ísafjarðar er vel skilgreindur með Silfurtorg sem

þungamiðju. Miðbærir í öðrum byggðakjörnum hafa hins vegar ekki eins skýra skilgreiningu. Miðsvæðin hafa sterk einkenni sem felast í fjölda gamalla húsa og sýnilegum tengslum við sögu og menningu svæðisins“, segir í greinargerð með aðalskipulaginu. Mikilvægt sé að miðsvæðin verði áfram samkomustaður fólks og traustur grunnur fyrir þjónustu, verslun, mannlíf og aðra menningu.

Í greinargerðinni segir: „Öflugur og líflægur miðbær krefst bæði markvissrar og frjálssar umferðar. Þar sem almenn þjónusta er þ.e., þar sem allir þurfa að

sækja reglulega, myndast gjarnan markviss umferð. Því er mikilvægt að slík þjónusta sé í miðbænum og að hún sé ekki dreifð á stóru svæði. Miðbærinn þarf líka að vera aðlaðandi þannig að fólk velji að fara þar um; að þar sé „frjáls umferð“. Frjáls umferð getur verið þegar fólk velur frekar að ganga um svæðið, á leið sinni eitthvert annað, af því þetta svæði er meira aðlaðandi. Frjáls umferð er líka þegar fólk velur að fara um eða dvelja á svæðinu án þess að eiga annað erindi. Það er því mikilvægt að miðbærinn sé bæði aðlaðandi og að þar sé sem mest af þjónustunni í bænum. Það er

ekki nóg að huga bara að öðrum þættinum til að miðbærinn dafni. Til að ná þessu markmiði er einnig lögð áhersla á að inngangar snúi að götu og að gluggar í atvinnuhúsnæði á jarðhæð verði gegnsærir.

Hafnir hafa í gegnum tíðina sett mikinn svip á mannlíf og yfirbragð bæjanna og mikilvægt er að svo verði áfram. Því er lögð áhersla á að tengja miðbæina við hafnarsvæðið og sögustaði m.a. með göngu- og hjóltreidastígum að sjó og fjöru, útsýnisstöðum og tengingu græna svæða og miðsvæða.“

Einnig er lögð hersla á að

styrkja tengsl kjarna í Ísafjarðarbæ innbyrðis og stuðla að því að í einstökum hverfum og byggðakjörnum geti sérkenni svæðanna notið sín. Þessum markmiðum verður m.a. náð með verndun menningarsögulegra verðmæta, góðri tengingu við náttúruna með stígum og þess gætt að útsýni verði ekki hindrað. Við uppbyggingu þarf einnig að skoða: Hagkvæmni, fjárhagslegar forsendur, samfélag, gatnakerfi og samgöngur, útivist, umhverfi og fráveitu og meðhöndlun yfirborðsvatns. Áhersla er lögð á byggingu einbýlishúsa og raðhúsa.

– thelma@bb.is

Ein aðalgata gegnum þorpið og aukagata niðri með læknum



Dr. Peter Weiss er upprunninn í lýðveldinu Bæjaralandi (Bayern), sem er eitt ríkjanna í Sambandslýðveldinu Þýskalandi (Bundesrepublik Deutschland). „Stærsta ríkið og stoltasta!“ segir hann. „Og hefur mikla sérstöðu. Þess vegna myndi ég aldrei segja bara að ég væri frá Þýskalandi.“

Peter fæddist árið 1964 í uppveitum Bæjaralands, í norðausturhluta ríkisins rétt við tékknesku landamærin.

Frá gleymda svæðinu

„Konan mín segir að þetta hafi verið gleymda svæðið í ríkinu. Það fengust engir kennarar í skólann okkar, því að enginn vildi vera þarna á jaðarsvæðinu og kölluðu þetta alltaf hina bæversku Síberíu. Konan mín er líka frá Bæjaralandi, frá suðausturhlutanum, nálægt Salzburg sem er handan austurrísku landamæra. Það eru ríkustu héruðin í Bæjaralandi. Ég er hins vegar frá þeim fátækustu. Þetta var dálítið afskekkt þegar járnaldrið var þarna rétt hjá við landamærin að Tékkóslóvakíu. Núna er þetta hérað hins vegar mjög miðsvæðis.“

Í þorpinu Hainbronn þar sem Peter ólst upp eru um 300 íbúar eða svipað og í litlu sjávarplássi á Vestfjörðum. Þar átti hann tíu frændur og ellefu frænkur og raunar má segja að íbúarnir hafi nánast verið ein stór fjölskylda,

Undanfarin ár hefur mátt lesa fjölda fréttu í Bæjarins besta og á bb.is og miklu víðar um dr. Peter Weiss, forstöðumann Háskólaseturs Vestfjarða og starfið sem þar er unnið. Lítið mun hins vegar hafa komið fram um manninn sjálfan, uppruna hans og æviferil á persónulegu nótonum. Hér verður reynt að bæta úr því. Áður skal þó í einni efnisgrein stiklað á starfsferli hans héraðs síðustu tólf árin.

Á árunum 1997-2002 var Peter sendikennari í þýsku við Háskóla Íslands en stundakennari til 2005. Um skeið gegndi hann starfi forstöðumanns tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands og 2003-2005 veitti hann menningarmiðstöðinni Goethe-Zentrum í Reykjavík forstöðu. Árið 2005 var honum veitt ótímabundin lektorsstaða við Háskóla Íslands en hann kaus frekar að taka að sér forstöðu nýstofnaðs Háskólaseturs Vestfjarða á Ísafirði. Meðal stofnfélaga þess voru allir háskólar landsins. Setrið tók til starfa í ársbyrjun 2006 í Vestrahúsinu á Ísafirði. Í sama húsi eru ýmsar rannsókn- og fræðistofnanir, sem mynda í rauninni eina heild.

flestir af bændafólki. Ein aðalgata gegnum þorpið endilangt og svo önnur aukagata niðri með læknum.

„Þarna var gott að vera. En það var stutt í næsta bæ, Pegnitz, sem er litlu minni en Akureyri, þannig að við áttum ekki langt að fara t.d. í menntaskóla. Þar sótti ég bæði grunnskóla og menntaskóla. En vegna nálægðarinnar var bara ein búð í þorpinu mínu, pósthúsið lagðist af þegar ég var unglingur og skólinn var líka lagður af á þeim tíma. En þarna var samt bændafólk með þó nokkrum bændabýlum.“

Á þessu svæði er mjög þurrt yfir sumartímann. Mér er það minnisstætt að við þurftum alltaf að fara að vökva kartöflurnar, meira að segja. Þetta liggur ekki

mjög hátt, ekki nema um 500 m yfir sjávarmáli, en jörðin er mjög kalkrík og þess vegna hripar vatnið niður úr jarðveginum. Maður var alltaf að vökva! Þar sem menn áttu einhvern blett þar sem eitthvað óx var hvergi skógur heldur var landið notað til búræktar. Hvergi þar sem við kölluðum láglandi voru skógar en þeir voru upp um hlíðar og fjöll þar sem ræktunarland var erfitt.

Þó að þorpið sé bændaþorp erfði hvorugt foreldra minna bændabæ. Faðir minn starfaði sem rafmagnseftirlitsmaður en móðir mín vann við skrifstofustörf í fyrirtæki. Ég á tvö systkini, bróður sem er fimm árum yngri en ég og systur sem er tíu árum yngri. Þau eiga enn heima á okkar æskulóðum og systir mín meira

að segja ásamt fjölskyldu sinni í sama húsi og móðir mín og faðir. Það er gott að foreldrar mínir skuli hafa systkini mín og þeirra börn svona nálægt sér – hlýtur að vera gott fyrir þá og fyrir mig!“

Vildi ekki verða læknir

Þegar Peter útskrifaðist úr menntaskóla spurðu margir hvað ungi maðurinn ætlaði að taka sér fyrir hendur með svona gott stúdentspróf sem líklega væri ávisun á læknisnám og hefði alveg dugað til þess þó að þar væru inn-tökutakmarkanir. Hann vildi samt ekki fara í læknisnám – hann vildi leggja stund á málvísindi.

„Ég byrjaði í málvísindum og norrænum og þýskum bókmennt-

um og hélt mig við það. Mestan hluta námstímans var ég í Kiel norður í Slésvík-Holtsetalandi við Eystrasaltið. Það var reyndar eins langt og maður komst frá Bæjaralandi innan Sambandslýðveldisins. Eins langt og okkar sambands-LÍN leyfði, hef ég stundum sagt. Í skólanum heima hafði ég lært um hafði og um flóð og fjöru og vildi kynnst þessu betur. Mér fannst það alltaf spennandi og ég vildi vera annars staðar, ég vildi fara eitthvert. Í mínum árgangi í menntaskólanum voru 75 manns og núna eru tveir af þeim búsettir utan Bæjaralands.“

Skiptinemi á Íslandi

„Mér leið mjög vel í Slésvík-Holtsetalandi og lauk þar meistaraþrófi og kennaraþrófi. Þetta var sex ára námstími og inn á milli var ég á Íslandi sem skiptinemi í eitt ár, 1987-88. Þá kom ég fyrst til Íslands og það var mín fyrsta flugferð.“

Það var óskaplega spennandi þegar ég kom hingað til lands í fyrsta sinn 5. júlí 1987. Þá höfðu verið þingkosningar og stjórnarskipti um vorið, þetta voru mikil verðbólguár og allt það. Mér fannst mjög áhugavert að kynnst öllu þessu og ég er mjög þakklátur fyrir að hafa verið hér á þessum tíma, þannig að maður geti haft svolltinn samanburð. Ég kom aftur til landsins 1989 til

að ljúka prófi. Ég gat útskrifast sem eins konar fjarnemi úti en tók hérna heima lítið BA-próf í íslensku fyrir erlenda stúdenta eða 60 eininga próf.“

Fyrsta sumarið sitt á Íslandi vann Peter fyrir sér á Elliheimilinu Grund í Reykjavík.

„Það varð mér minnisstæður og góður og skemmtilegur tími og þar lærði ég að tala nútímalslensku. Ég kunni fornislensku og hafði lært eitthvað í nútímamálinu en þarna þurfti ég að nota það og gekk bara sæmilega. Næsta sumarið vann ég á Háskólabókasafni, sem á þeim tíma var í aðalbyggingu skólans.“

Ég fór svo aftur út og lauk meistaraþrófi og kennaraþrófi í dönsku og þýsku árið 1992. Stundum kemur fólki á óvart að ég skuli hafa kennaraþróf í dönsku, en hún er minnihlutamál í Slésvík-Holtsetalandi og kennd þar í skólum sem annað og þriðja tungumál.“

Háskólakennari í Greifswald

„Að prófunum loknum fékk ég stöðu. Ég fékk símhringingu og var spurður hvort ég væri ekki til í að taka að mér forfallakennslu við háskólann í Greifswald í Austur-Þýskalandi fyrrverandi. Þetta var skömmu eftir fall múrsins. Reyndar var kominn vesturþýskur gjaldeyrir þarna fyrir austan og formlega búið að sameina Sambandslýðveldið og Alþýðulýðveldið, en breytingar voru samt ekki komnar langt á veg. Þetta var að vísu bara hálf staða og launin voru ákaflega lág á þessu svæði enn sem komið var. En mér fannst þetta samt freistandi.“

Háskólinn í Greifswald er mjög gamall, 550 ára, og borgin sjálf er miðaldaborg við Eystrasaltið, rétt við landamærin að Póllandi. Og þarna dvaldist Peter næstu fimm árin og kenndi norræn fræði við háskólann.

„Þarna lifði ég mikið breytingaskeið í austurhluta Þýskalands, alveg ótrúlegt“, segir hann. „Það breyttist bókstaflega allt. Þegar maður fluttist úr sambandsríkjunum fyrir vestan og austur á bóginn kom kannski ekki allt svo mjög á óvart, en það var mjög áhugavert og merkilegt að fylgjast með breytingunum. Það var samt ekki neinn lúxus á þessum árum. Launin voru alltaf mjög lág og þar átti ég til dæmis ekki þvottavél í þrjú ár. Og þegar ég loks keypti mér þvottavél ásamt sænskum kollega, sem var með íbúð, þá flutti hún til Svíþjóðar og ég sat uppi íbúðarlaus með þvottavél! Ég var sífelld að þvo í höndunum.“

Samt sem áður var þetta mjög gefandi tími. Við fengum nýja tölvu og þá voru tvær tölvur komnar á rannsóknastofu okkar háskóladeildar. Við spenntum

alltafregnhlíf yfir tölvurnar þegar við fórum heim á kvöldin, ef hann skyldi fara að rigna, því að gjarnan lak og dropaði í skrifstofunni hjá mér.“

Þarna voru norrænir sendikennarar sem voru að koma af stað menningarviku. Ég var strax mikið í því verkefni og var eins konar kynningarstjóri. Þetta vatt mjög upp á sig og Svíakonungur kom ásamt drottningu sinni og var verndari þessa viðburðar, enda hafði Greifswald verið sænskur háskóli í hartnær 200 ár. Starfið var mjög umsvifamikið og við sátum þarna með tvær símalínur út og tvær tölvur í allri háskóladeildinni og vorum að skipuleggja þessa menningarviku. Menn þurftu að slást um tölvurnar og þegar tveir voru að tala í símann og fax kom inn, þá slitnaði símasambandið.“

Frumstætt en skemmtilegt

„Þetta var allt mjög frumstætt, en eftir á að hyggja mjög skemmtilegur tími. Ég leigði til dæmis hjá eldri konu sem var prófessor og hjartalæknir. Hún sá að ég var hálfvegis á götunni en fjórir fimmtu alls íbúðarhúsnæðis í Greifswald var í eigu borgarinnar. Ég var ókvæntur og barnlaus og menn í þeirri stöðu áttu að bjarga sér sjálfir með húsnæði. Þannig leigði ég mér þarna sex fermetra herbergi hjá eldri konu, orðinn 28 ára og kennari við háskólann.“

Síðan keypti ég mér lítinn sumararbústað eða garðhýsi við ströndina, um 30 km frá vinnustaðnum, en með frábæru útsýni yfir Eystrasalt. Það mátti ekki eiga þar fasta búsetu en ég var þar samt bæði sumar og vetur. Hins vegar var kalt þarna því að bannað var að hafa hita í bústaðnum nema rafmagn, sem er mjög dýrt, þannig að ég var langt frá því bara þvottavélarlaus. Og aldrei átti ég bíl og lærði ekki á bíl fyrr en ég fluttist vestur á firði.“

Lífið áfram spennandi

Eins og áður sagði var Peter í Greifswald í fimm ár.

„Síðan fluttumst við til Íslands, Angela konan mín og ég. Eftir að við kynntumst bjó hún ýmist í Kiel eða München þangað til við fluttum til Íslands árið 1997. Við giftumst reyndar á ráðstefnu í Osló á leiðinni og tókum svo Norrænu til Íslands.“

Angela mætti ef til vill eins og fleiri kalla sig blekbónda – í blönduðum búskap. Á sumrum er hún leiðsögumaður í hópferðum um landið en á vetrum hefur starfið verið blandaður búskapur. Hún var stundakennari við Háskóla Íslands, kenndi þýsku í kvöldskóla og hefur stundað heimakennslu fyrir fólk á leiðinni utan til náms eða starfa. Síðan



hefur hún unnið við þýðingar. Núna er hún mikið í þýðingum enda hefur hún dregið mikið úr kennslunni. Meðal síðustu verk-

efna hennar var að þýða nýjustu bók Einars Mús Guðmundssonar á þýsku.

Núna búum við í litlu húsi mið-

svæðis á Ísafirði, í Garðshorni. Og lífið heldur áfram að vera spennandi, og er það gott“, segir Peter Weiss.

smáar

Til sölu eru 31" heilsársdekk og 15" felgur. Tilboð óskast. Uppl. í síma 618 3905 (Valur).

Lesgleraugu í svörtu hylki töpuðust föstudaginn 23. janúar milli Silfurgötu og Menntaskólans. Finnandi vinsamlegast hafi samband í síma 863 8315 eða á kristjanv@misa.is.

Til sölu er Honda CRV árg. 98, ekinn 154 þús. km. Verð 400 þús. kr. Bíll í toppstandi. Uppl. í síma 869 7557.

Til sölu er Hohner stálstrengja kassagítar með pickup. Verð kr. 20 þús. Upplýsingar í síma 869 7557.

Listasmiðjan í Bolungarvík óskar eftir þykku gleri. Opíð þriðjudega kl. 10-12, fimmtudega kl. 19-22 og laugardaga kl. 13-16.

Óska eftir gönguskíðum, 1,80-1,95 cm og skóm nr. 40 og stöfum 140 cm. Upplýsingar í síma 894 5821 (Catherine).

Til sölu eru fjögur slitin 16" nagladekk af gerðinni Tempra Winter Quest. Stærð 225/70 R16. Kosta ný kr. 110 þús., en fást á kr. 60 þús. Upplýsingar í síma 892 1694.

Hvetjum foreldra og forráðamenn barna að kíkja í laugina vegna óskilamuna sem þar eru. Það sem vantar í skápana gæti hugsanlega leynst hjá okkur. Starfsmenn Sundhallarinnar.

Til leigu er 3ja herb. íbúð í Holtahverfi. Uppl. í síma 891 7997.

Til sölu er Toyota Yaris, 1000 cc, árg. 2003, ekinn 122 þús. km. Verð kr. 750 þús. Áhvilandi kr. 450 þús. Afborgun á mánuði kr. 19.200. Upplýsingar í síma 863 3972.

Miðapantanir á þorablót Hvatar í Hnífsdal eru í síma 456 4380, 862 3717, 456 3161 og 822 3161.



Stjórnarsýsluhúsið á Ísafirði.

Vanhæfi rætt í bæjarstjórn

Gisli Halldór Halldórsson, bæjarfulltrúi D-lista í Ísafjarðarbæ, telur sig ekki vanhæfan til að fjalla um starf mannauðsstjóra hjá bænum, þó svo að eiginkona hans gegni því starfi. Málið kom upp við fyrri umræðu fjárhagsáætlunar í síðustu viku. Stefnir er að því að skera niður um 200 milljónir króna og komu nýjustu störf hjá Ísafjarðarbæ til umræðu, hvort þau mættu missa sín. Jóna Benediktsdóttir, bæjarfulltrúi Í-listans, spurði hvort nýjustu störf, upplýsingafultrúi, mannauðsstjóri og umhverfisfulltrúi, ættu erindi í Ísafjarðarbæ í harðnandi rekstri sveitarfélagsins. Skiptar skoðanir var um þá umræðu og tók Gisli Halldór meðal annars til máls og listi skoðun sinni á þeim. Jóna sagði þá Gísla Halldór vanhæfan til að fjalla um málið vegna tengsla sinna við mannauðsstjóra og væri að vernda sinn einka fjárhag.

Gisli Halldór steig þá í pontu og sagði Jónu hafa misnotað aðstöðu sína sem bæjarfulltrúi þegar fjallað var um fræðslumál er hún

gegndi stöðu aðstoðarskólastjóra hjá Grunnskóla Ísafjarðar. Ásökunum neituðu þau bæði og sagðist Gisli Halldór hafa talað með störfunum áður en eiginkona hans tók við stöðu mannauðsstjóra og afstaða hans væri ekki breytt. Jóna sagði sig ávallt hafa vikið fundi bæjarstjórnar er fjallað var um hennar stöðu hjá Grunnskóla Ísafjarðar. Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar, sá sig þá knúna til að stöðva umræðuna og biðja bæjarfulltrúa um að snúa sér að umræðu um fjárhagsáætlun. Sigurður Pétursson, oddviti Í-listans, sá sig engu að síður knúinn til að mótmæla þeim fullyrðingum að Jóna hafi misnotað aðstöðu sína sem bæjarfulltrúi.

Samkvæmt 19. grein laga nr. 45/1998 segir að sveitastjórnarmanni beri að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Frá þessu var greint í svæðisfréttum Rúv. – birgir@bb.is

Hvert skal haldið?

Stakkur skrifar

Það tókst að mynda ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingar með stuðningi Framsóknarflokks. Kjósa skal 25. apríl og þá fyrst verður haldið af stað með björgun þjóðfélagsins. Allir vita að Jóhanna Sigurðardóttir hefur í ráðuneytum sínum stýrt þeim málaflökkum sem mestra útgjalda krefjast og ekki legið á liði sínu. En það sem kostar fé verður líka að borga og hver á að greiða reikninginn ef ekki má snerta við skuldurum landsins eins og boðskapurinn var fyrir hálfum mánuði þegar færa átti langtímaskuldara til fjárnáms á Suðurlandi?

Allir vita að ástandið á Íslandi eru engu líkt því sem flestir núlifandi Íslendingar hafa upplifað. Eldra fólk þekkir krepunna á fjórða áratugnum, uppganginn á þeim sjöunda og svo samdráttinn sem varð undir lok hans. Ungu fólk þekkir sem tók óspart eða skyldi vera réttara að segja ósparað að láni til að kaupa stórhýsi og glæsibíla auk utanlandsferða án fyrirhyggju þekkir ekki annað en velgengni. Nú er ástæða til að óttast að það verði ekki kallað til ábyrgðar vegna lítt grundaðara „björgunaraðgerða“.

Brýnast allra verkefna er að tryggja atvinnu og skatttekjur, örva útflutning og styrkja heimilin með raunhæfum hætti. Gæta verður þess að ekki sé verið að kalla fram ábyrgðarleysi og skeytingarleysi um skuldaföfnun. Vissulega er ástandið

grafalvarlegt og engu líkt ef 15 til 20 þúsund manns ganga um atvinnulaus á næstunni. En það breytir ekki þeirri staðreynd að ábyrgð fólks á eigin lífi má ekki taka frá því. Það er því vand með farið að leggja fram tillögur um skuldbreytingar og niðurfellingu skulda þannig að gætt verði jafnræðis.

Hvers eiga þeir að gæta sem alltaf hafa séð um sig og eru nú í þeirri aðstöðu að hafa tapað sparifé sínu í íslensku bönkunum, sem þeir áttu í formi hlutafjár og í sjóðum, en hafa þó staðið í skilum með skuldir sínar? Ætlar ríkisstjórnin að gera eitthvað fyrir það fólk, sem kannski verður svo að bera hitann og þungan af skattgreiðslum næstu ára?

Í upphafi skyldi endinn skoða segir íslenskt máltæki. Þar með ættu allir að líta fram á veginn og gera sér grein fyrir því hvert nú er haldið undir forystu ríkisstjórnar sem hefur afar fá tæki og enn færri tækifæri til að gera nokkuð á þeim skamma tíma sem er til kosninga. Það skyldi þó ekki vera að allir stjórnmalaflokkar muni á næstu mánuðum fiska í gruggu vatni sem einkennist af öryggisleysi stórs hluta þjóðarinnar sem sér lausnir í haldlitlum loforðum.

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur er óskað velfarnaðar á sinni stutt afmörkuðu braut og þess svo sannarlega vænst að eitthvað gott komi út úr starfi hennar. En ekki vekja landslýð falskar vonir. Við þurfum að geta treyst því að það sem gert verður standi.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Vill leiða lista framsóknar

Guðmundur Steingrímsson hefur ákveðið að sækjast eftir 1. sæti á lista Framsóknarmanna í NV-kjördæmi í komandi alþingiskosningum. Guðmundur er eins og flestir vita sonur Steingrims Hermannssonar, fyrrum formanns Framsóknarflokksins.

„Það eru mörg spennandi og aðkallandi verkefni í kjördæminu, t.d. hvað varðar aukna verðmætasköpun í matvælaíðnaði. Atburðir í efnahagsmálunum undanfarið hafa rækilega leitt í ljós að meiri tekjuöflun og fjölbreytt atvinnuuppbygging skiptir ekki bara máli fyrir kjördæmið sem slíkt heldur þjóðina alla. Nú þarf að bretta upp ermar,“ segir Guðmundur Steingrímsson í samtali við blaðið Feyki.

Aðspurður segist Guðmundur hafa miklar og sterkar tengingar við í kjördæmið. Faðir hans og afi hafi verið þingmenn fyrir Vestfirði og þar eigi hann sterkar rætur. Þá dvelji hann löngum í Borgarfirði og unnusta hans sé af Snæfellsnesi að ögleymdum ættartengslum hans í Skagafjörðinn.

Kostnaður við æskulýðs- og íþróttamál hækkar þrátt fyrir hagræðingu

Kostnaður Ísafjarðarbæjar við æskulýðs- og íþróttamál hækkar á milli ára, þrátt fyrir að íþrótt- og tómstundafulltrúi sveitarfélagsins hafi unnið að hagræðingu í málaflokknum í samvinnu við Héraðssamband Vestfirðinga sem skilar sér í lækkun framlags bæjarins en hefur þó ekki skerðandi áhrif á þjónustu við börn. Unnið er að skipulagningu vinnu-

skólans með það að markmiði að uppeldishlutverk hans eflist og komið verði til móts við atvinnuþörf, sem mjög líklega verður mun meiri en síðasta sumar.

„Í því augnamiði verður skoðað hvort ekki sé grundvöllur til að reka starfsemi fyrir sautján ára börn en það gæti haft í för með sér lækkun á kostnaði t.d. við slátt“, segir í stefnuræðu bæj-

arstjóra en frumvarp til fjárhagsáætlunar var lagt fram til fyrri umræðu á síðasta bæjarstjórnarfundum.

Stefnt er að því að ná sparnaði í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar með samnýtingu stöðugilda og skertum opnunartíma. Með samnýtingu stöðugilda næst rúmlega 10 milljóna króna lækkun kostnaðar að því er fram

kemur í stefnuræðu bæjarstjóra. Í tillögunum er miðað við eftirfarandi opnunartíma sem byggir á tillögu íþrótt- og tómstundanevndar: Á Ísafirði er gert ráð fyrir að stytta opnunartíma um helgar um eina klukkustund hvorn dag. Á Flateyri á að stytta opnunartíma á virkum dögum, loka tvo virka daga, og loka annað hvort laugardag eða sunnudag.

Auk þess að stytta opnunartíma á Suðureyri á að loka tvo virka daga og stytta opnunartíma um helgar. Á Þingeyri á að stytta opnunartíma og loka annað hvort laugardag eða sunnudag. Í stefnuræðunni kemur fram að útfærsla á opnun verður út frá mætingartölum í mannvirkin. Hagræðing næst með tilfærslu stöðugilda milli mannvirkja.



Laun bæjarfulltrúa í Ísafjarðarbæ lækka

Laun bæjarfulltrúa og fulltrúa í nefndum á vegum Ísafjarðarbæjar verða lækkuð samkvæmt frumvarpi að fjárhagsáætlun sem lagt hefur verið fram. Launin munu lækka í samræmi við ákvörðun um lækkun þingfárlauna en jafnframt lækka þau vegna fækkunar funda á árinu.

Miðað er við að nefndir fækki fundum sínum eftir því sem mögulegt er og að bæjarráð fundi ekki í sömu viku og bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Bæjarstjórnarfundum verði fækkað úr 20 í 15-16 en þó samkvæmt frekari ákvörðun stjórnarinnar. Að því er fram kemur í stefnuræðu bæj-

arstjóra með frumvarpinu er launakostnaður sem fyrr stærsti einstaki útgjaldaliður rekstrar sveitarfélagsins.

Því næst koma vöru- og þjónustukaup, ýmsar millifærslur og aðrar tilfærslur og loks fjármagnskostnaður sem eykst verulega vegna hárrar verðbólgu og

óhagstæðrar gengisskráningar. Þá verður forstöðumönnum deilda sveitarfélagsins falið að koma með tillögur um samdrátt í yfirvinnu um 10% verði frumvarpið að veruleika.

Leitað verður eftir samkomulagi við stjórnendur að laun þeirra lækki vegna ársins 2009. Lækk-

unin verði útfærð í samræði við stjórnendur þannig að engin lækkun verði á heildarlaun 350.000 krónur eða lægri.

Á launabilinu 350.000 kr. - 500.000 kr. verði lækkunin 3%. Á launabilinu 500.000 kr. og hærra 4%.

– thelma@bb.is

Ruslatunnufæð léttir hundaeigendum á Ísafirði ekki lífið

Ruslatunnufæð léttir hundaeigendum ekki verkið við að hreinsa upp eftir hunda sína. Braga Ósk Bragadóttir hundaeigandi á Ísafirði hafði samband við blaðið vegna fréttar um að hundaeigendur þrífri ekki upp eftir að hundar þeirra hafu gert stykki sín á almannaþæri. „Ég fer á hverjum degi í göngutúr ásamt vinkonu minni sem líka er með hund og auðvitað erum við með þetta í hönd til að þrifa upp eftir hundana.

Þó gerir það manni ekki auðvelt fyrir hve ruslatunnur eru fáar á Ísafirði, það er ekki það skemmtilegasta sem maður gerir að ganga langar vegalengdir með þetta í poka, með göngustaf í hönd og hund í ól, en það þarf maður stundum að gera til að komast að næstu ruslatunnu.“

Að sögn Brögu taka þær vinkonurnar mjög mikið eftir hundaskít og sérstaklega á göngustígum. Aðspurð hvort hún verði mikið vör við lausagöngu hunda

á þessum ferðum sínum segir Braga svo ekki vera. Það lítur því út fyrir að margir fari ekki eftir þeirri gullnu reglu að hreinsa upp eftir hundana sína.

Hundahald er bannað í Ísafjarðarbæ en bæjarstjórn veitir undanþágur til hundahalds með ákveðnum skilyrðum. Því eru hundar skráðir og fyrir þá skráningu er greitt skráningargjald þar sem innifalinn er trygging og hundahreinsun. Lausaganga hunda er með öllu bönnuð.





Ætlar að sjá hvert sundið leiðir hana

Sundkonan Ragney Líf Stefánsdóttir er íþróttamaður Ísafjarðarbæjar árið 2008. Ragney Líf er 16 ára og hefur æft sund hjá Íþróttafélaginu Ívari í rúm níu ár. Á síðasta ári keppti hún á þremur stórum mótum; alþjóðlegu sundmóti í Malmö í Svíþjóð, Íslandsmóti Íþróttasambands fatlaðra í 50 metra laug og Íslandsmóti ÍF í 25 metra laug. Á öllum mótunum stóð hún sig með þrýði og vann m.a. til fjögurra verðlauna á Malmö-open í Svíþjóð, þar á meðal tvö gullverðlaun. Fimm verðlaun á Íslandsmótinu í 50 metra laug þar af tvö gull og eitt brons, og þrjú gullverðlaun á Íslandsmótinu í 25 metra laug. Samtals vann hún fimm Íslandsmeistarátitla á árinu 2008.

Þess má einnig geta að Ragney Líf keppti á Nýárssundmóti ÍF í byrjun árs og var þriðja stigahæst á mótinu. Hún setti Íslandsmet í 50 m bringusundi, bætti sig í öllum greinum og komst inn í

landsliðsæfingarróp Íþróttasambands fatlaðra. Ragney Líf stundar nám við Menntaskólann á Ísafirði og er á afreksbraut skólans.

– Kom það þér á óvart að þú varst valin íþróttamaður ársins?

„Já það kom mér svolítið á óvart. Mér fannst bara frábært að vera tilnefnd en ég bjóst ekki við að verða valin, sem var ennþá meira frábært. Ég fékk ekki að vita það fyrr en á sjálfri athöfninni svo það var smá spennan í gangi.“

– Þú hefur synt nánast alla þína bernsku, hvernig byrjaði það?

„Mamma byrjaði á því að fara með mig mikið í sund þegar ég var lítil en ég byrjaði síðan að fara reglulega í litlu lauginni á sjúkrahúsinu á Ísafirði þegar ég var fjögurra ára. Það er nú svo langt síðan ég byrjaði að ég man ekki nákvæmlega hvernig það byrjaði. Ég held að mamma og pabbi hafi ákveðið að láta mig í sundið til að styrkja mig og þjálfá. Svo fannst mér þetta svo

gaman að ég hætti aldrei. Sem er mjög gott mál því það hefur hjálpað mér mikið, ég veit ekki hvernig ég væri í dag ef ég væri ekki að æfa sund.“

– Nú hefur þú verið tekin inn í landsliðsæfingarróp ÍF, hefur það í för með sér stífari æfingar en þú ert von?

„Já, ég æfi núna fjórum sinnum í viku, og við erum að hugsa um að bæta við einni æfingu til viðbótar ef hægt er. Þetta er landsliðshópur fyrir innanlandsverkefni og ég mun því fara í æfingabúðir með hópnum og svo á mót hérlandis. Kristín Þorsteinsdóttir sem er með mér í Ívari komst líka í landsliðshópinn svo að við förum alltaf saman. Það er mun þægilegra að fara saman en að vera bara ein.“

– Hvað er svo á döfinni hjá þér á næstunni?

„Það er t.d. Íslandsmeistaramót í 50 metra laug í mars og svo æfingar í Reykjavík. Það er alveg nóg að gera.“

– Er það ekkert taugastrekkjandi að taka þátt í stórum mótum og jafnvel erlendis?

„Ég hef farið tvisvar erlendis. Í fyrstu var maður stressaður en svo venst það og þetta verður bara skemmtilegra og skemmtilegra.“

– Þú ert búin að vera keppa í mörg ár er það ekki?

„Jú, ég byrjaði að keppa fyrir alvöru 12 ára og hef verið að keppa síðan.“

– Hver er stefnan hjá þér í framtíðinni? Ætlarðu að halda áfram í sundinu?

„Já ég ætla halda áfram að æfa sund og sjá hvert það leiðir mig. Ætla bara að fara eins langt og ég kemst.“

– Nú eru ísfirskir sundmenn að synda við verri aðstæður en aðrir sem þeir keppa við þar sem Ísfirðingarnir æfa 25 metra laug. Er það þá ekki ennþá meira afrek að ná árangri á mótum?

„Maður tekur það með í reikninginn og maður er óvanur að

synda í svona langri laug eins og notast er við á mótum. Það er t.d. erfiðara að telja ferðirnar og maður verður því að vera vel vakandi fyrir breyttum aðstæðum.“

– Þið eruð nú ansi öflug hjá Ívari. T.d. eru tíðar fregnir af ykkur sundstelpunum að vinna til verðlauna á hinum ýmsu mótum og félagið hefur átt keppendur á þremur síðustu Special Olympics heimsleikum.

„Já, Ívar er mjög öflugur íþróttafélag og hefur gert mikið fyrir okkur sem eru að æfa með því.“

– Er það kannski stóri draumurinn að komast á Ólympiuleikana?

„Já, ég væri allavega ekkert á móti því að komast á slíkt stórmót. Það er aldrei að vita hvað gerist í framtíðinni.“

Að lokum vill ég fá að þakka öllum þeim sem hafa verið þjálfararnir mínir og fyrir allar hamingjuóskirnar sem að ég hef fengið.“

– *thelma@bb.is*

Leitað að jarðhita og endurnýjanlegum orkugjöfum í Ísafjarðarbæ

Áhersla er lögð á áframhaldandi jarðhitaleit í sveitarfélaginu í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar fyrir árin 2008-2020. Líklegt er talið að hægt sé að nýta heitt vatn víðar en gert er í dag, en frekari athugana er þörf á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að á landbúnaðarsvæðum verði heimilt að leita eftir vatni og nýta hugsanlegt vatn til búreksturs, án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Finnist heitt vatn sem er nýtanlegt til annarra nota svo sem til húshitunar á stærra svæði eða til iðnaðar utan býlisins skal breyta aðalskipulaginu í samræmi við það. Í Tungudal er jarðhiti sem ekki hefur enn tekist að nýta. Ekki er þó vítað hvar framtíðarmannvirki þessu tengdu verða staðsett takist að nýta jarðhitann. Jarðhita er að finna í Ísafjarð-

arbæ þó svæðið teljist til svokallaðra kaldra svæða. Í sunnanverðum Súgandafirði er svæði með um 40°C heitu vatni sem nýtt er til húshitunar og í sundlaug staðarins. Heitt vatn er að finna á fleiri stöðum eins og í sunnanverðum Borgarfirði, Unaðsdal og Reykjafirði en þar er vatnið yfir 60°C heitt og er nýtt í sundlaug. Vítað er að vatn getur leynst víðar s.s. í Tungudal og botni Öfundarfjarðar. Um nokkurt skeið hefur verið leitað að heitu vatni í Tungudal sem nýta mætti til húshitunar á Ísafirði. Sú leit hefur enn ekki borið árangur en sérfræðingar telja að þar sé að finna nýtanlegt heitt vatn. Þá er einnig lögð áhersla á endurnýjanlega orkugjafa. Gert er ráð fyrir að landeigendur geti virkjað bæjarlækinn á þeim



Frá jarðhitaleit í Tungudal á síðasta ári.

svæðum sem gert er ráð fyrir einhverri byggð. Smávirkanir þ.e. virkjanir sem eru allt að 30 kW, eru ekki sýndar á uppdrætti. Landeigendur geta því reist smávirkun í tengslum við byggð án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Virkjanir sem eru stærri en

30 kW skulu sýndar á uppdrætti. Við uppsetningu virkjana skal huga að sýnileika og afturkræfni framkvæmdarinnar og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni. Heimili í Ísafjarðarbæ eru að stærstum hluta hituð með raforku

frá endurnýjanlegum orkugjöfum, aðeins um 3% er oliukynding. Heimili í Holtahverfi eru að stórum hluta hituð upp með orku frá Sorpbrennslunni Funa. Á Suðureyri fæst sjötti hluti kyndingar með heitu vatni úr borholu. – thelma@bb.is



Venus og máni skært á himni skína

Skamdegishimininn er óneitanlega fagur og ekki skemmir það fyrir þegar ástarstjarnan skín svo áberandi skært eins og hún hefur gert að undanfögnu. Venus kemst lengst frá sólinni frá jörðu séð um miðjan febrúar, sem þýðir að hún nær þá hæstu stöðu á himninum en síðan fer hún smám saman lækkandi. Að því er fram kemur á stjörnufræðivefnum virðist Venus við fyrstu sýn

vera tvíburasystir jarðarinnar. Þær hafa næstum sama massa, þvermál, eðlismassa og aðdráttarkraft. Á báðum reikistjörnum eru fáir gígar sem bendir til þess að yfirborðin séu ung. Þó er eitt veigamikil atriði sem skilur á milli: Venus er eyðileg en jörðin er eini staðurinn þar sem vítað er um líf með vissu. Venus er nefnd eftir rómverskri gyðju ástar og fegurðar, enda er hún ægífögur

á himninum. Venus var upphaflega akuryrkjugyðja áður en hún sameinaðist hinni grísku Afróditu. Hún var dóttir Júpíters og meðal ástmannanna hennar voru Mars og Vúlkán. Sonur ástargyðjunnar var vitaskuld Amor sem fæddist í gulleggi. Venus hefur þekkt frá forsögulegum tíma enda er hún hjartasta fyrirbæri næturhiminsins á eftir sólinni og tunglinu, þegar hún er hvað björtust. Hún

var eitt sinn talin tvær aðskildar stjörnur: morgunstjarnan Evsfórus og kvöldstjarnan Hesperus. Morgunstjarnan var einnig persónugerð sem Lúsifer (ljósberinn) en hann var sonur Áróru, gyðju morgunroðans. Hliðstæða Venusar í norrænni goðafræði er ástar- og örlagagyðjan Frigg Fjörgynsdóttir, eiginkona Óðins og móðir Baldurs, sem Höður hinn blindi varð að bana með

mistilteini að áeggjan Loka Laufeyjarsonar. Þess vegna hefur Venus stundum verið nefnd Friggjarstjarnan á íslensku. Venus hefur einnig verið nefnd demantur himinsins, nornastjarnan, drekastjarnan og jafnvel blóðstjarnan. Tákn Venusar, hringur með krossi sem gengur niður úr honum, er tákn fyrir spegil gyðjunnar. Venusarspekillinn er einnig notað sem tákn fyrir kvenkyn í líffræði.

Bloggið

Ekkert var gert

Íslendingar flugu framhjá síðasta flugvellinum, þar sem hægt var að lenda mjúkri landingu, árið 2006. Eftir þann tíma var bara spurning hvenær eldsneytið þryti og lent með braki og brestum. Þátt fyrir endalausar aðvaranir erlendra sérfræðinga og neitun Seðlabanka um aðstoð var ekkert gert í máluum. Þjóðin var hvött til að fá sér eitt kampavínglas í viðbót og hún fullvissuð um að kraftaverk væri í aðsigi. Bloggari vonar að ástandið verði betra í júlí þegar hann snýr aftur til Íslands. Það sem þarf nú fyrst og fremst er að skipta um forystu, ekki stjórn-málaflokka, og hreinsa til í kerfinu. Auka traust Íslendinga og ekki síður erlendis. Viðurkenna þá stöðu sem þjóðin er í og hefja upp-byggingu. Íslendingar munu ekki ráða við það einir og sér. Umsókn í ESB væri mikil hjálparhella í þessari stöðu og gæti stutt við lask-aða krónu þar til hægt er að skriða í skjól með evru. Einhliða upp-taka annars gjaldmiðils er villuljós í myrkri.



Gunnar Þórðarson
<http://vinaminni.blog.is/blog/vinaminni/>

Sá er munurinn

Vissulega eru veikindi forsætisráðherra okkar alvarlegt mál og hugur þjóðarinnar er með honum og fjölskyldu hans. En hugur þjóðarinnar er ekki hjá flokknum. Þar liggur munurinn. Það ekki verið að persónugera vandann eins og Staksteinn o.fl. hafa svo skilmerkilega hafa komið til skila að megi ekki gera sl. 110 daga. Nema allt í einu núna þarf að persónugera allt. Það var því ánægjulegt að sjá að 8000 Íslendingar ákváðu ekki að persónugera eitt né neitt og mættu í stað þess á Austurvöll. Það að segja að ríkisstjórnin eigi að fara frá, ásamt seðlabankastjórum og fjármálaeftirliti, er ekki að persónugera neitt. Þetta fólk sýndi Geir og Ingibjörgu mikinn stuðning í afturbata frá veikindum en mótmæltu flokkunum sem þau standa fyrir. Þarna liggur munurinn á því sem Mogginn er að gera og þorri þjóðarinnar. Það er örurlegt þegar fólk sem hefur staðið vaktina fyrir bættu samfélagi án launa og uppheldar fær á baukinn frá sjálfskipuðum síðgæðisvörðum þjóðarinnar á Morgunblaðinu.




Grímur Atlason – Framtíðin er fyrir vestan
<http://eyjan.is/grimuratlason/>

Í hvaða heimi?

„Um afsögn stjórnar Fjármálaeftirlitsins sagði Ingibjörg Sólrún, að ekki væri um að ræða uppgjör við fortíðina heldur væri verið að skapa forsendur fyrir uppbyggingarstarfi í framtíðinni.“ Í hvaða heimi lifir Ingibjörg Sólrún eiginlega? Hvað er þetta þá? Hvenær og hvernig ætlar hún að gera upp við fortíðina? Ég hef orðið fyrir vonbrigðum með margt eftir hrúnið mikla í haust en engin þeirra eru viðameiri en vonbrigði mín með Ingibjörgu Sólrúnu. Þetta er kona sem ég var sannfærður um að væri afburða stjórnmalamaður og yrði farsæll forsætisráðherra í náinni framtíð. Ég hafði næstum óbilandi trú á Ingibjörgu og hæfileikum hennar, þó ég væri henni alls ekki sammála í fullt af málum. Nú hefur svo komið í ljós hægt og sigandi að þessi tröllatrú mín á konunni var engan veginn óbilandi og í staðinn finnst mér nú orðið eindregið að hennar tími sé liðinn. Ég vona að hún sjái það sjálf áður en staða hennar verður ennþá snautlegri.

Jón Jónsson á Kirkjubóli við Steingrímsfjörð – Dvergur nr. 3
<http://dvergarnir7.blog.is/blog/dvergarnir7/>



Tekjumörk vegna fasteignaskatts hækka um 5%

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að tekjumörk vegna styrkja til greiðslu á fasteignaskatti og holræsagjaldi elli- og örorkulífeyrisþega árið 2009 hækki um 5% frá árinu 2008. Samkvæmt tillögnum verða aðrar reglur hvað það varðar óbreyttar frá árinu 2008. Bæjarráð leggur jafnframt til að styrkur til félagsamtaka á greiðslu fasteignaskatts og holræsagjalds verði að hámarki 120.000 krónur á árinu 2009 eða

sá sami og árið 2008. Árlega hafa verið veittir styrkir til áhugamannafélaga til greiðslu fasteignagjalda ársins sem lagt er á húsnæði félagsamtaka. Skilyrði styrkveitingar er að viðkomandi húsnæði er nýtt til félags-, menningar eða íþróttastarfs og að félagið hafi ekki tekjur af útleigu húsnæðisins.

Á árinu 2008 voru afslættir og tekjumörk vegna elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignaskatti

með þeim hætti að einstaklingar tekjur allt að 2.112.000 krónur fengu 100% afslátt og þeir sem voru með tekjur allt að 2.812.000 krónur fengu 50% afslátt. Hjón eða fólk í sambýli með tekjur allt að 2.8.12.000 krónur fengu 100% afslátt og þau sem voru með tekjur allt að 3.452.000 fengu 50%. Hámarks afsláttur til greiðslu fasteignaskatts og holræsagjalds var 84.500 krónur.

– thelma@bb.is

„Ef ekki núna þá aldrei“

Veidar á hrefnu og langreyðum eru leyfðar næstu fimm árin samkvæmt reglugerð sem Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur gefið út. Leyfilegur heildarafli skal nema þeim fjölda dýra sem kveðið er á um í veiðiráðgjöf Hafnansóknastofnunar. Heimilt er að flytja allt að 20% af veiðiheimum hvers árs yfir á næsta ár á eftir. Konráð Eggertsson, hrefnuveiðimaður, segir þessi tíðindi afar ánægjuleg.

„Það var nú kominn tími til að þetta yrði leyft. Nú vantar vinnu og gjaldreyri og ef ekki núna og þá aldrei,“ segir Konráð. Hann segir nóg af hval í hafinu. „Jú, maður lifandi. Það er ekki spurning í okkar huga. Spurningin er hvar maturinn er og hvalurinn er þar, það er einfalt mál. Þetta er eins og með aðrar skepnur, þær flytja sig þangað sem eitthvað er að hafa, og maðurinn gerir það líka,“ segir Konráð. Hann segist hafa hugsað sér að kaupa stóran hvalveiðibát sem getur farið víðar í kringum landið. Einnig ætlar hann að hafa tvo minni báta með, en segir annars óráðið hvað verður.

Veidar á langreyðum hófust í atvinnuskyni haustið 2006, en

hafa legið niðri síðan vegna óvissu um sölu afurða. Nú hefur þeirri óvissu verið eytt. Veidar á hrefnu í vísindaskyni hófust árið 2003 og lauk árið 2007. Alls voru veidd 200 dýr. Veidar á hrefnu í atvinnuskyni hófust árið 2006 og hafa verið stundaðar síðan. Alls hafa 46 dýr verið veidd í atvinnuskyni og afurðirnar að langmestu leyti farið á innlendan markað. Á þessum tíma hafa því alls verið veiddar 246 hrefnur.

Leyfi til veiða á hrefnu á árunum 2009-2013 skal veita þeim íslensku skipum sem eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila sem hafa stundað hrefnu-

veiðar í atvinnuskyni á árunum 2006-2008 eða félaga sem þeir hafa stofnað um slíka úterð. Einnig er heimilt að veita leyfi þeim einstaklingum eða lögaðilum sem að mati ráðherra hafa sambærilega reynslu af úterð á hrefnuveiðum í atvinnuskyni. Eingöngu þeim skipum sem sérútbúin eru til veiða á stórhvólum er heimilt að taka þátt í veiðum á langreyði árin 2009, 2010, 2011, 2012 og 2013.

Sú ákvörðun að veiðiheimum séu til 5 ára er í samræmi við almennta venju innan Alþjóða hvalveiðiráðsins. Þar eru veiðiheimumildir, t.d. Bandaríkjana, jafnan ákveðnar til 5 ára í senn.



Elskulegur faðir minn, bróðir og frændi

Morgens Juul

fyrirverandi leikari og skólastjóri,

fæddur á Ísafirði 28. maí 1925, lést í Kaupmannahöfn 20. janúar.
Útförin fór fram í Kaupmannahöfn miðvikudaginn 28. janúar.

Soren Juul og fjolskylda

Bodil Juul og fjolskylda

Ingibjörg Kaldal og fjolskylda

Útgjöld til fræðslumála hækka um 175 milljónir í Ísafjarðarbæ

Útgjöld til fræðslumála í Ísafjarðarbæ hækka um 175 milljónir milli ára samkvæmt frumvarpi að fjárhagsáætlun 2009. Fræðslumál eru útgjaldamesti málaflokkur sveitarfélagsins og í frumvarpinu, sem lagt var fram til fyrri umræðu á síðasta bæjarstjórnarfundum, kemur fram að gert er ráð fyrir að nettó upphæð til rekstrar nemi 1.058 milljónum króna árið 2009 borið saman við 883 milljónir króna sem áætlað var 2008. Hækkunin nemur því 20% milli ára. Í stefnuræðu Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra kemur fram að leikskólagjöld hækka ekki en fæðisgjöld hækka um 10%.

Taxtar dagvistunargjalda fyrir leikskóla hafa ekki hækkað frá gjaldskrá í febrúar 2005 og voru lækkuð um 10% frá og með 1. janúar 2008. Þar að auki eru fjórar klukkustundir gjaldfrjálsar fyrir fimm ára börn. Þá er afsláttarkerfið þannig að 30% systkina-afsláttur er með öðru barni og frítt fyrir þriðja barn. Afslátturinn gildir



Sólborg, stærsti leikskóli Ísafjarðarbæjar.

ir milli dagvistunaraðila og skólastiga þannig að ef eitt systkini er hjá dagmóður, eitt í leikskóla og eitt í lengdri viðveru í grunnskóla virkar afsláttarkerfið þar á milli.

Gengið er út frá því í stefnuræðunni að kennslustundaúthlut-

un verði áfram eftir gildandi reglum en dregið úr þjónustu þar sem hægt er. T.d. er lagt til að engin aukaverkefni verði unnin svo sem pólskukennsla og hljóðfærakennsla. Allur skólaakstur verður endurskoðaður með hag-

ræðingu að markmiði. Gætt var samræmis á milli skóla við gerð fjárhagsáætlunar. Framlag til endurmenntunar lækkað tímabundið. Eins og segir í ramma um fjárhagsáætlun verður farið í faglega endurskoðun á skóla-

starfinu með hagræðingu í huga án þess að skerða lögbundna kennslu. Framlag til tónlistarskóla er lækkað um 10%. Gert er ráð fyrir að framlag til Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar verði óbreytt á milli ára.



Ástand vatns og loftis gott í Ísafjarðarbæ

Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar fyrir árin 2008-2020 er stefnt að því að bærinn verði vettvangur rannsókna á umhverfisbreytingum á haf- og strandsvæðum. Þá er lögð áhersla á að íbúar sveitarfélagsins eigi kost á nægu heilnæmu og ómengdu vatni til neyslu og annarra nytja. „Við er mengun loftis og vatns eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál sem glímt er við í heiminum í dag. Margir, þar á meðal vísindamenn og þjóðarleiðtogar, telja loftslagsbreytingar af mannavöldum vera eina mestu ógn við mannkynjarðar. Heilsa og vellíð-

an fólks, lífverur og vistkerfi eru háð vatns- og loftgæðum. Mengun getur haft skaðleg áhrif á helstu atvinnuvegi sveitarfélagsins, svo sem sjávarútveg, ferðaþjónustu og landbúnað, sem allir byggja á gæðum náttúrunnar og ímynd svæðisins“, segir í drögum að aðalskipulaginu. Almenn má segja að ástand vatns og loftis sé gott í Ísafjarðarbæ og orsakast það m.a. af smæð samfélagsins.

Mengun í ám og stöðuvötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki óæskileg áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskgengd eða útivistargildi. Hér er lögð áhersla

á að íbúar búi við hreint og heilnæmt umhverfi, þ.e. há lífsgæði. Jafnframt þarf sveitarfélagið að axla þá ábyrgð að draga úr hnatt-rænum umhverfisvandamálum í samræmi við lög landsins og alþjóðlegar skuldbindingar. Sérstök áhersla verður lögð á að halda strandsvæðum og hafinu hreinu og ómengdu.

Markmið aðalskipulagsins hvað þetta varðar er að íbúar sveitarfélagsins búi við heilnæmt andrúmsloft þar sem mengun verði undir ströngustu mörkum á evrópska efnahagssvæðinu. Notkun og losun efna og efna-

vöru ógni ekki heilsu manna og umhverfi. Losun skaðlegra efna í hafið frá skipum og landi, m.a. þrávirkra lífrænna efna, geisla-virkra efna og þungmálma, hverfi með öllu.

Markmiðunum má m.a. ná með því að auka meðvitund almennings og atvinnulífs um afleiðingar mengunar og hvetja sömu aðila til að forðast slíka mengun. Við skipulagningu verður áhersla lögð gott net göngustíga og góðar almennings-samgöngur sem dregið geta úr loftmengun. Í staðardagskrá 21 ber að fjalla nánar um mengun

og aðgerðir til að draga úr henni.

Til að ná settum markmiðum um vatnsvernd er mikilvægt að beina framkvæmdum og umferð frá vatnsverndarsvæðum í samvinnu við heilbrigðiseftirlit svæðisins. Ráðist skal í vinnu við flokkun vatns í samræmi við reglugerðir. Í því felst kortlagning álagspátta, greining ástands vatns m.t.t. mengunar og mat á afleiðingum ástandsins á lífríki, heilsufar og fleiri þætti. Þeirri vinnu skal lokið eigi síðar en árið 2011. Auk þess skal unnið að því að koma á innra eftirlitskerfi vatnsveitunnar.



„Feykilegt stuð og fín mæting“

Sunnukórinn og Karlakórinn Ernir fögnuðu saman sólar í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á laugardagskvöld á árvissum sólardansleik. „Það var feykilegt stuð, frábær skemmtiatriði og fín mæting. Þetta var virkilega skemmtilegt“, segir Ingunn Ósk Sturludóttir, kórstjóri Sunnukórsins. Sem endranær var vegleg dagskrá í boði þar sem tónlist var í hávegum höfð. Að sjálf-sögðu komu báðir kórarnir fram en einnig vakti það mikla lukku að ein í Sunnukórnum hafði sam-

ið smellna bragi sem fluttir voru. Veislustjóri var Guðmundur M. Kristjánsson hafnarstjóri og þótti honum farast verkið vel úr hendi. Matreiðslumeistarar frá Strákunum töfruðu fram snittur og hinar ómissandi Sunnukórspönnukök-ur.

Þess má geta að Sunnukórinn fagnaði á dögnum 75 ára afmæli en hann var stofnaður 25. janúar árið 1934. Upphaflegur tilgangur hans var að syngja við guðþjón-ustur í Ísafjarðarkirkju og efla sönglíf í bænum. Í dag hefur hann

þróast úr kirkjukór í hefðbundinn blandaðan kór. Sunnukórinn mun vera elsti blandaði kór landsins og einn af stofnaðilum Lands-sambands blandaðra kóra á Ísland sem var stofnað 7. desember 1938.

Þá var þetta í annað sinn sem Sunnukórinn og karlakórinn sameinast um sólarfögnuð og að sögn Ingunnar Óskar hefur það reynst afar vel. Páll Ónundarson kom við á sólardansleiknum og tók þar meðfylgjandi myndir.

– *thelma@bb.is*





Grísahnakki, beinlaus

1.199 kr/kg

Verð áður 1.598 kr/kg

Frábær afsláttur!

25% afsláttur

Lambaframhryggjabitar
Kjötborð

1.793 kr/kg

Verð áður 2.390 kr/kg

25% afsláttur

Lambalærissneiðar
Kjötborð

1.724 kr/kg

Verð áður 2.298 kr/kg

40% afsláttur

X-tra franskar kartöflur 1kg

263 kr/pk.

Verð áður 439 kr/pk.

40% afsláttur

X-tra hvítlauks baguette 2 stk.

155 kr/pk.

Verð áður 259 kr/pk.

25% afsláttur

Billy's Pan Pizza original eða pepperóni

299 kr/stk.

Verð áður 399 kr/stk.

40% afsláttur

X-tra ananas, appelsínu eða eplasafi 1.5l

173 kr/stk.

Verð áður 289 kr/stk.

25% afsláttur

Red Bull orkudrykkur 250ml

187 kr/stk.

Verð áður 249 kr/stk.

Grillaður kjúklingur franskur og 2l Coke

1.298 kr.

Tilboðið gildir fimmtudag og föstudag

Gildir 5. - 8. febrúar
Birt með fyrirvara um prentvillur

Samkaup **úrval**

Akureyri • Blönduós • Bolungarvík • Borgarnes • Dalvík • Egilsstaðir • Grundarfjörður • Hafnarfjörður • Húsavík • Ísafjörður • Neskaupsstaður
Njaróvík • Ólafsfjörður • Selfoss • Siglufjörður • Skagaströnd

Ljós still



Minnisvarðar um andans menn eftir Jón Sigurpálsson

Minnisvarðar Jóns Sigurpálssonar myndlistarmanns á Ísafirði um þrjá úr hópi merkustu sona og innbyggjara hins mildilega byggðarlags Saurbæjar í Dala-

sýslu voru afhjúpaðir við Tjarnarlund í Saurbæ á liðnu sumri. Menn þessir eru söguritarinn Sturla Þórðarson og skáldin Stefán frá Hvítadal og Steinn Steinarr.

Minnismerkinn sem eru úr gleri og stáli skóp listamaðurinn eftir því hvernig persónur rithöfundarins og skáldanna komu honum fyrir sjónir. Staðsetning þeirra var ákveðin við Staðahólskirkju-



maðurinn og höfundurinn Jón Sigurpálsson: „Skáldin horfa til síns heima, tákngerð sem stóplar

Hönnun mín


hól og valin með hliðsjón af því, að þaðan sjást bæirnir sem tengja mennina við Saurbæ.

Þessir höfðingjar voru allir Saurbæingar þótt þeir hafi átt þar mismislagu dvöl. Sturla bjó lengst af á Staðarhóli, Steinn fluttist í frumbersku að Miklagarði og ólst þar upp, en Stefán sem kenndi sig við Hvítadal átti heima í Bessatungu síðasta áratug ævinnar. Sögufélag Dalamanna stóð fyrir verkefninu en frumkvæðið að því átti Sigurður Þórólfsson bóndi í Innri-Fagra-dal. Myndirnar sem hér fylgja tók sonur hans, Guðjón Torfi Sigurðsson.

Um minnisvarðana segir lista-

byggðir upp af frumforminu ferningi. Stál og gler eru efni stöplanna og takast form þessara efna á um persónusköpun skáldanna.“

Jón Sigurpálsson er fæddur í Reykjavík árið 1954 en hefur verið búsettur á Ísafirði um áratugaskeið og veitt Byggðasafni Vestfjarða forstöðu jafnframt myndlistariðkun sinni. Hann stundaði myndlistarnám hérlendis á árunum 1974-78 og síðan í Hollandi fram til 1984. Hann hefur haldið margar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum hérlendis og erlendis. Verk eftir hann eru í eigu m.a. listasafna og sveitarfélaga innanlands sem utan.



Séð inn í sundurtekinn Wankel-mótor.

Wankel-mótorinn

Þýski vélfræðingurinn Felix Wankel (1902-88) vann um langt árabíl að þróun hugmyndar sinnar um sprengihreyfil af allt annarri gerð en hinir venjulegu strokkamótorar sem enn tíðkast. Í stað strokka og stimpla er Wankel-mótorinn með þríhyrnda skifu eða snúð sem snýst í lokuðu rými.

tækni og vísindi

Ætla mætti að slíkur mótor eyddi minna eldsneyti en strokkamótorarnir, vegna þess að um samfelldan snúning er að ræða en ekki hreyfingu stimpla fram og til baka. Reynslan hefur þó ekki orðið sú. Gangurinn er hins vegar jafnari og hljóðlátari.

Það var árið 1957 sem Wankel-mótorinn var talinn vera orðinn samkeppnishæfur við venjulegar strokkavélar. Sú gerð hans sem þá leit dagsins ljós hjá vélfræðingum þýska bílaframleiðandans NSU var samt smíðuð í óþökk Wankels sjálfs og frábrugðin hugmyndum hans í einstökum tæknilegum atriðum.

Árið 1960 hófst framleiðsla á fyrsta bílnum með Wankel-mótor, en það var NSU Prinz III. Árið 1963 var NSU Wankel Spider frumsýndur og sama ár kynntu japönsku Mazda-verksmiðjurnar sinn fyrsta Wankel-tilraunabíl. Meðal nokkurra annarra bílaframleiðenda sem gerðu tilraunir með Wankel-mótora í bílum sínum voru Citroën og Mercedes-Benz en þeir hættu þeim fljótlega. Mótorar af þessari gerð hafa einnig verið notaðir fyrir mótorhjól, báta og flugvélar. Þeir geta gengið fyrir öllum sömu tegundum eldsneytis og venjulegir strokkamótorar.

Mazda-verksmiðjurnar hafa framleitt bíla með Wankel-mótorum allt fram á þennan dag. Kunnastur þeirra er líklega Mazda RX-7 (1978-2002) en af honum voru framleiddir yfir 800 þúsund bílar. Árið 1992 sigraði Mazda með Wankel-mótor í 24 stunda kappakstrinum í Le Mans.

Árið 2007 kom út í Þýskalandi frímerki til minningar um 50 ára sögu Wankel-mótora í notkun. Á því er skýringarmynd með þversniðnum Wankel-mótor og mynd af hinum þekktu NSU-RO 80.



Mazda RX-7 árgerð 1983.

Haustsúpa og sturtubollur

Sælkeri vikunnar býður upp á þrjár uppskriftir. Sú fyrsta er haustsúpa. „Hér kemur mjög auðveld en góð súpa. Ég elda hana t.d. alltaf um páskana þegar mikið er um að vera og maður má alls ekki vera að því að standa mikið við eldavélina við eldamennsku. Svo er ekki verra að það má taka til í súpunu að morgni, ef elda á hana að kveldi“, segir Guðrún.

Næst býður hún upp á uppskrift sem hún fann í Gestgjafanum að mjög góðum brauðbollum sem eru léttar í sér ef deigið er látið hefast vel og lengi. „Þessar bollur draga nafn sitt af því að deigið er hrært að kvöldi til og bollurnar síðan bakaðar á meðan farið er í sturtu morguninn eftir. Afganginn af bollunum má frysta og þíða eftir þörfum í ofni eða örbylgjuofni.“

Að lokum langar Guðrúnu að bjóða upp á frábæra Chili-sultu sem gaman og gott er að bera fram með osti á ljúfu kvöldi með góðum vinum.

Haustsúpa
fyrir ca. 8 - 10 manns

800 – 1000 g nautagúllas.
8 – 10 meðalstórar kartöflur, skornar í sneiðar (gott að nota ostaskerann).
6 – 8 gulrætur, skornar í sneiðar.
2 -3 laukar, gróft skornir.
Rauð og græn paprika, gróft skornar.
2 -3 msk. Kúmen (ekki Cumm-

segi Guðrún.
að grænmeti og krydd í stóran ofnpott í þeirri röð sem hér er talið upp. Svo er tómatararnir, tómataukíði, rjómaosturinn sett yfir. Síðast er nautasöðinu hellt yfir kjötið og grænmetið. Setja lok á pottinn eða álpappír. Og bakað í ofni við 170°C í 2 klst. Súpan er sko ekki verri upphituð. Má frysta!

Sælkerinn

en!).
2 -3 msk. Eftirlæti hafmeyjunnar frá pottagöldrum.
2 greinar af fersku rósmarin (nota nú oftast þurrkað).
Pipar og salt.
2 dósir niðursoðnir heilir tómatar.
2 dósir tómatauk (purée) með hvítlauk.
200 gr. Hvítlauksrjómaostur.
1 ½ l. Soð (nautakraftur= 3-4 teningar + vatn).

Sturtubollur
u.þ.b. 16-18 stk.

5 1/2 dl kalt vatn
2 tsk. Þurrger
1 tsk. Salt
1 tsk. Hrásykur
260 g speltmjöl
350 g sigtað speltmjöl
1 dl graskersfræ eða sólkjarna fræ

Hrærið allt saman í skál. Setjið lok á skálina eða breiðið plastfilmu yfir og látið hana standa í



Sælkeri vikunnar er Guðrún Birgisdóttir á Ísafirði.

ísskáp yfir nótt. Byrjið daginn eftir á því að hita ofninn í 230°C. Mótið bollur með ísskeið, setjið þær á ofnplötu sem klædd hefur verið með bökunarpappír og bakið í 20-25 mín.

Chilisultan mín

5-6 chili-aldin rauð
2 stórar rauðar paprikur
100 ml. eplaedik (cider)
200 ml borðedik
400-600 gr sykurl (allt eftir hve sætur maður vill vera)
4 msk. gult Melatin

Fræhreinsa chili-ið og paprikuna og setjið í matvinnsluvél,

ásamt edikinu og sykri. Maukið vel og setjið svo í pott og sjóðið í 3 mín. Takið pottinn af hitanum, hrærið sultuhleypi saman við, setjið pottinn aftur á helluna. Látið sjóða í 2 mín. Og hrærið vel í á meðan. Takið af hellunni og kælið smá stund áður en sultan er sett í hreinar krúkkur. Kælið sultuna þar til hún hefur þykknað.

Ég skora á Ernu Rín Thorlacius húsfreyju að Vöðlum í Öndarfirði sem ég veit að er mikill matgæðingur, að deila með okkur, einhverju ljúffengu úr sveitinni.

Starfið stjórnar lífinu

Hermann Hermannsson og Sveinn H. Þorbjörnsson starfa sem sjúkraflutningsmenn hjá Ísafjarðarbæ. Vinnan vakir yfir þeim og segja þeir að hún stjórni lífi þeirra. Þeir eru mennirnir sem eru fyrstir á vetvang ef um neyðartilvik er að ræða og geta viðbrögð þeirra og snarræði skipt sköpun hvort einstaklingar sem lenda í slysum komist lífs af. Hugsa margir að starf þeirra snúist um að þurrka af tækjum og skrifborðum allan daginn en tölfraeðin sýnir annað því á síðasta ári voru sjúkraflutningsútköll 228 talsins í Ísafjarðarbæ. Þeir mæta til vinnu klukkan átta af morgnanna og sinna viðhaldi á tækjabúnaði. „Núna erum við að mála körfubíl slökkviliðsins sem hefur staðið úti í allan vetur,“ segir Sveinn.

–En hvernig var fyrsta útkallið ykkar? Var mikið stress á ykkur?

„Það var ákveðið adrenalín-sjokk fyrst en svo venst þetta. Við höfum fengið þjálfun í því hvernig á að bregðast við álagi í þessu starfi og svo venst þetta með tímanum,“ segir Hermann.

– Hugsunin um að mæta í vinnu og vita að þið gætuð þurft að fara í stórt útkall venst alveg með tímanum?

„Nei, nei þetta eltir mann ekki allan daginn. Þá værum við ekki í þessari vinnu. Við erum búnir að fara í menntun og annað sem

undirbýr mann fyrir vinnuna,“ segir Sveinn.

– Þurfið þið að sækja endurmenntun á hverju ári?

„Við förum einu sinni á ári í sjúkrahjálpapróf. Þá kemur kennari hingað vestur ein helgi og við förum yfir starfið,“ segir Sveinn.

–Hver er viðmiðunar viðbragðstími á útkalli hjá ykkur?

Sveinn: „Það er svona fimm til sjö mínútur þegar við erum á bakvakt á veturna. Þrjár mínútur á sumrin.“

Hermann: „Á dagvinnutíma er það ekki nema nokkrar sekúndur.“

Sveinn: „Á bakvaktinni förum við ekki út úr bænum. En maður getur verið staddur inn í firði og þá tekur það lengri tíma að bregðast við.“

–Hver er skrátnasta aðstaðan sem þið hafið verið í þegar útkallsboðið kemur?

Hermann: „Ég hef fengið útkall þegar ég var ekki í sokkunum.“

Sveinn: „Maður hefur verið í sturtu þegar kallið kemur. Þá er engin valmöguleiki. Maður sprettur í fötin og fer út. Það getur orðið svolítið kalt.“

–En þegar lítið er að gera hvað gerið þið ykkur til dundurs?

Hermann: „Það koma dauðar stundir en sjaldnast er það nú þannig að við störum út í loftið. Oftast finnum við okkur eitthvað

að gera. Það er mjög reglulega farið yfir allan búnað og í hverjum bíl er fullt af hlutum.“

–En þurfið þið að skipuleggja líf ykkar eftir vinnunni?

Hermann: „Þetta stjórnar allri fjölskyldunni.“

–Hvernig skiptast bakvaktirnar?

Sveinn: „Áður stóðum við sex daga á bakvakt og þrjár dagar í frí en núna stöndum við viku og viku í frí.“

–Þetta getur því verið heljarinnar álag?

Sveinn: „Þetta er nú ekki ógurlegt álag. Þetta er aðallega bindingin sem fylgir þessu. Maður er með unga krakka og konan getur aldrei farið í burtu nema að taka krakkann með sér eða að fá pössun. Billinn þarf að vera heima svo að maður komist á stöðina.“

Hermann: „Reyndar bjuggum við Svenni að því lengi að búa í Mjallargötunni og þá gat konan bara farið þegar hún vildi á bílnum og þetta var ekkert vandamál.“

–Hvað eru þið búnir að vera sjúkraflutningsmenn lengi?

Sveinn: „Ég byrjaði árið 2000.“

Hermann: „Ég byrjaði í afleysingum 1991.“

–Hvað varð til þess að þið byrjuðu?

Sveinn: „Ég var beðinn um að vinna í nokkra daga í afleysingum.“



Sjúkraflutningamennirnir Hermann Hermannsson og Sveinn Þorbjörnsson.

Hermann: „Það má segja það sama um mig.“

–Af hverju héldu þið áfram? Kunnur þið vel við starfið?

Sveinn: „Þetta er áhugavert starf og getur verið mjög gefandi.“

–Þegar þið farið í útkall er þá stundum vesen að finna slyssstaðinn?

Hermann: „Það getur oft komið upp misskilningur um staðsetninguna.“

Sveinn: „Það vill oft verða þannig að erlendir einstaklingar

og Íslendingar sem þekkja ekki til geta ekki gefið upp nákvæma staðsetningu. Þá getur verið erfitt að finna staðinn.“

–En það situr ekkert í ykkur ef að ekki næst að bjarga einstaklingi?

Sveinn: „Jú það gerir það. Maður er bara mannlegur þegar kemur að því.“

Hermann: „Það er alveg eitt og eitt útkall sem þú manst betur en önnur. Við reynum alltaf að gera okkar besta og verðum að vera sáttir við okkar framlag.“

Velkomin

Ánægðustu viðskiptavinir á Íslandi

 SPARISJÓÐURINN
spar.is